



Fjarðalax hf.  
Strandgötu 43  
460 Tálknafirði

**Efni: Ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða fyrir Fjarðalax hf. skv. 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008, um fiskeldi.**

**Umsókn**

Ráðuneytið vísar til umsóknar Kristínar Edwald, hrl. hjá LEX lögmannsstofu, f.h. Fjarðalax hf., kt. 641109-1770, Strandgötu 43, 460 Tálknafirði, dags. 10. október 2018, sem barst atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sama dag, þar sem sótt er um rekstrarleyfi til bráðabirgða skv. 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008, um fiskeldi.

Í umsókn er vísað til þess að úrskurðarnefnd umhverfi- og auðlindamála felldi úr gildi, þann 27. september 2018 í máli nr. 5/2018, ákvörðun Matvælastofnunar frá 22. desember 2017 um að veita rekstrarleyfi fyrir 10.700 tonna ársframleiðslu á laxi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði. Jafnframt kemur fram í umsókn að úrskurðarnefnd umhverfi- og auðlindamála hafi vísað frá þeirri kröfu að fresta réttaráhrifum framangreinds úrskurðar þar til niðurstaða dómstóla um lögmati lægi fyrir.

Í ljósi alls þessa sé því sótt um útgáfu á rekstrarleyfi til bráðabirgða til framleiðslu á 10.700 tonnum af laxi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði með gildistíma í 10 mánuði. Í umsókn kemur fram að tilgangur umsóknar um rekstrarleyfi til bráðabirgða sé að skapa svigrúm til að leysa endanlega úr málinu fyrir dómstólum eða bæta úr þeim meintu ágöllum sem úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála taldi vera á umhverfismati framkvæmdarinnar.

Fyrir liggur að umsókn barst ráðuneytinu innan þriggja vikna frá því að leyfi var fellt úr gildi í samræmi við 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008, um fiskeldi.

**Málsmeðferð**

Þann 10. október 2018 óskaði ráðuneytið eftir öllum gögnum sem Matvælastofnun byggði ákvörðun sína frá 22. desember 2017 á, þegar stofnunin veitti Fjarðalaxi hf. rekstrarleyfi fyrir 10.700 tonna ársframleiðslu á laxi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði. Ráðuneytinu bárust umbeðin gögn þann 11. október 2018.

Forráðmenn Fjarðalax hf. sendu með tölvupósti, þann 12. október 2018, ráðuneytinu staðfestingu endurskoðanda Fjarðalax hf. upplýsingar um eignir og fjölda starfsmanna á launaskrá hjá Arnarlaxsamstæðunni.

Með beiðni. dags. 13. október 2018 óskaði ráðuneytið eftir viðbótargögnum frá LEX lögmannsstofu vegna umsóknar Fjarðalax hf. um útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða og var þess óskað að gögnum yrði skilað eigi síðar en 15. október 2018. Ráðuneytið óskaði þannig eftir ítarlegri útlistun umsækjanda, þar með talið tímasettri verkáætlun, um það hvernig fyrirhugað væri að bæta úr þeim ágöllum sem úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála taldi vera á umhverfismati framkvæmdarinnar. Með sama hætti var óskað upplýsinga um stöðu málshöfðunar, þ.e. hvernig umsækjandi sæi það ferli í tíma. Óskað var eftir því að umsækjandi mætti og rökstyddi hversu mikla árlega framleiðsluheimild og hámark lífmassa þörf væri fyrir á gildistíma umbeðins



rekstrarleyfis til bráðabirgða. Í samræmi við þetta var óskað eftir því að lögð yrði fram tímasett áætlun eftir mánuðum um þróun lífmassa eldisfisks í umræddum sjókvímum á gildistíma umbeðins rekstrarleyfis. Ráðuneytið óskaði jafnframt eftir upplýsingum um það hvort og þá hvernig háttáð yrði útsetningu á laxaseiðum í sjókvíar innan gildistíma umbeðins rekstrarleyfis til bráðabirgða. Ef um útsetningu laxaseiða yrði að ræða á gildistíma umbeðins rekstrarleyfis var óskað eftir tímasettri áætlun umsækjanda um útsetningu. Loks var beðið um staðfestingu frá Fjarðalaxi hf. á því að fyrirhuguð eldisstarfsemi skv. hinu umbeðna rekstrarleyfi til bráðabirgða væri í samræmi við tilgreind sjókvíaeldissvæði og eldissvæði í hinu afturkallaða rekstrarleyfi.

Með beiðni, dags. 14. október 2018, fór ráðuneytið þess á leit við Byggðastofnun að stofnunin gæfi ráðuneytinu álit sitt á byggðalegum áhrifum af starfsemi Arctic Sea Farm hf. og Fjarðalax hf. á grundvelli meðfylgjandi gagna frá endurskoðanda Fjarðalax hf. um eignir og upplýsinga um fjölda starfsmanna á launaskrá hjá félaginu og annarra opinberra gagna ef þau lægju fyrir. Minnisblað Byggðastofnunar, dags. 15. október barst ráðuneytinu þann sama dag.

Þann 15. október 2018 óskaði ráðuneytið eftir umsögn Matvælastofnunar í samræmi við 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008, um fiskeldi, þar sem þess var óskað að ráðuneytinu bærist umsögn eigi síðar en 18. október 2018. Í umsagnarbeiðni ráðuneytisins var þess í fyrsta lagi óskað að Matvælastofnun myndi leggja mat á áætlanir og áform umsækjanda, meðal annars á grundvelli viðræðna stofnunarinnar við Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun, um að bæta úr þeim meintu ágöllum sem úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála taldi vera á umhverfismati framkvæmdarinnar. Í öðru lagi var óskað afstöðu Matvælastofnunar til mögulegrar tímalengdar (gildistíma) rekstrarleyfis til bráðabirgða með hliðsjón af tilgangi umsóknar. Í þriðja lagi óskaði ráðuneytið eftir álit Matvælastofnunar á nauðsynlegu umfangi og staðsetningu umrædds eldis miðað við árlegt framleiðslumagn annars vegar og hámarks lífmassa hins vegar á gildistíma rekstrarleyfis til bráðabirgða. Ráðuneytið óskaði jafnframt eftir því að Matvælastofnun myndi leggja mat á það hvaða sérstöku skilyrði nauðsynlegt væri að setja fyrir eldisstarfsemi Fjarðalax hf. á gildistíma rekstrarleyfis til bráðabirgða. Loks var í fimmta lagi óskað álits Matvælastofnunar á auknu og víðtækara eftirliti Matvælastofnunar með þeirri eldisstarfsemi Fjarðalax hf., sem byggir á rekstrarleyfi til bráðabirgða og í hverju slíkt viðbótareftirlit gæti falist.

Sama dag, 15. október 2018, var Skipulagsstofnun send beiðni um umsögn um framangreinda umsókn Fjarðalax hf. um rekstrarleyfi til bráðabirgða, þar sem þess var óskað að ráðuneytinu bærist umsögn eigi síðar en 18. október 2018.

LEX lögmansstofa óskaði þann 15. október eftir frekari fresti til skila á viðbótargögnum til 16. október og samþykkti ráðuneytið þá beiðni. Viðbótargögn bárust ráðuneytinu frá LEX lögmansstofu f.h. Fjarðalax hf. þann 16. október 2018 og voru þau framsend Matvælastofnun og Skipulagsstofnun samdægurs.

Þann 18. október 2018 óskaði ráðuneytið eftir umsögn og andmælum við framangreinda umsókn, fylgigögn önnur en lánasamninga og viðbótargögn frá annars vegar Lögmansstofu Óttars Yngvasonar f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, náttúruverndarsamtaka Laxinn lífi, Akurholts ehf. og Geiteyrar ehf., eigenda Haffjarðarár í Hnappadal, Ara P. Wendel, eigenda Kirkjubóls í Arnarfirði og veiðiréttarhafa í Fífustaðadal, Víðis Hólm Guðbjartssonar, eigenda Grænuhlíðar í Arnarfirði og veiðiréttarhafa í Bakkadal, Atla Árdal Ólafssonar, eigenda hluta veiðiréttar í Hvannadalsá, Langadalsá og Þverá í innanverðu Ísafjarðardjúpi og Varplands ehf., eigenda hluta veiðiréttar í Langadalsá og Hvannadalsá, og veiðifélags Laxár á Ásum, sem allir eru kærundur í kærumáli með málsnúmer 5/2018 hjá úrskurðarnefnd um umhverfis og auðlindamál, og hins vegar forráðamanni Flugu og nets ehf., rekstrarfélags Vatnsdalsár á Barðaströnd. Frestur til andmæla var gefinn til 26. október 2018.



Ráðuneytið óskaði þann 19. október 2018 eftir umsögn Umhverfisstofnunar um umsókn Fjarðalax hf. og viðbótargögn og var frestur til skila veittur til 26. október 2018.

Umsagnir Matvælastofnunar og Skipulagsstofnunar bárust ráðuneytinu þann 22. október 2018 og voru framsendar samdægurs til Lögmannsstofu Óttars Yngvasonar og forráðamanns Flugu og nets ehf., rekstrarfélags Vatnsdalsár á Barðaströnd til andmæla. Sama dag voru umsagnir Matvælastofnunar og Skipulagsstofnunar sendar Lex lögmannsstofu til upplýsinga.

Þann 23. október 2018 bárust ráðuneytinu frekari gögn frá Matvælastofnun vegna breytinga sem gerðar voru á rekstrarleyfi Fjarðalax hf.

Þann 26. október 2018 barst ráðuneytinu umsögn um umsókn Fjarðalax hf. frá Lögmannsstofu Óttars Yngvasonar f.h. allra kæranda í kærumáli nr. 5/2018 hjá úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál. Ekki barst umsögn frá forráðamönnum Flugu og nets ehf., rekstrarfélags Vatnsdalsár á Barðaströnd.

Ráðuneytið óskaði þann 27. október 2018 eftir staðfestingu frá endurskoðanda umsækjanda um a.m.k. 30% eigin fjármögnun eldisins skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 71/2008, um fiskeldi.

Þann 29. október 2018 óskaði ráðuneytið eftir álitum dýralæknis fisksjúkdóma um heilbrigðisástand eldisfisks í eldi í seiðaeldisstöðvum Fjarðalax hf. og eldiskvíum í Patreksfirði. Sama dag barst ráðuneytinu umsögn Umhverfisstofnunar.

Þann 31. október 2018 barst staðfesting frá endurskoðanda Fjarðalax hf. um eiginfjárlutfall fyrirtækisins.

Þann 31. október 2018 óskaði ráðuneytið eftir sjónarmiðum Skipulagsstofnunar vegna framkominna athugasemda um umfjöllun um valkosti í málsmeðferð um mat á umhverfisáhrifum. Svar barst frá Skipulagsstofnun 5. nóvember 2018.

Umsögn dýralæknis fisksjúkdóma um heilbrigðisástand eldisfisks í eldi í seiðaeldisstöðvum fyrirtækisins og eldiskvíum í Patreksfirði barst ráðuneytinu 1. nóvember 2018.

### **Málsrök Fjarðalax hf. í umsókn**

Í umsókn vísar Fjarðalax hf. til þess að beiðni um bráðabirgða rekstrarleyfi vegna fiskeldis í Patreksfirði og Tálknafirði sé sett fram á grundvelli 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. *Tilgangur umsóknar*

Áréttað er að fyrirtækið hyggst láta reyna á lögmati úrskurða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fyrir dómstólum. Er bráðabirgðaleyfinu ætlað að brúa bilið þangað til endanleg niðurstaða dómstóla liggur fyrir. Er þá átt við endanlegan dóm hvort sem um er að ræða héraðsdóm eða Landsréttardóm sem ekki verður áfrýjað eða dóm Hæstaréttar. Samkvæmt viðbótargögnum sem Fjarðalax hf. lagði fram kemur fram að vinna stendur yfir við að útbúa réttarstefnur vegna úrskurða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um ógildingu á rekstrar- og starfsleyfum í Tálknafirði og Patreksfirði. Málin verða höfðuð á hendur þeim aðilum sem kærðu upphaflega umræddar leyfisveitingar. Óskað verður eftir því að málin sæti flýtimeðferð á grundvelli XIX. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Fram kemur hjá Fjarðalaxi hf. að ekki sé hægt að segja til um það með vissu hve langan tíma taki að fá endanlega úrlausn dómstóla um sakarefnið. Hér megi þó hafa til hliðsjónar málsmeðferðartíma í hæstaréttarmálunum nr. 138 og 139/2017. Þau mál hafi sætt flýtimeðferð í héraði og fyrir Hæstarétti og snerust meðal annars um gildi skipulags og byggingarleyfis. Þar undir var ágreiningur um valkostagreiningu. Heildarmálsmeðferðartími fyrir báðum dómstigum var rúmum 13 mánuðir.

Fram kemur í umsókn Fjarðalax hf. að samhliða þessum málarekstri muni fyrirtækið leita leiða til þess að bæta úr meintum annmörkum á umhverfismati framkvæmdarinnar í samráði við Skipulagsstofnun, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun. Í viðbótargögnum frá umsækjanda



kemur fram, að að svo stöddu sé afar örðugt að segja til um hversu langan tíma ferlið muni taka, enda sé að vissu leyti um fordæmalausa stöðu að ræða. Gróf viðmiðunartímaáætlun Fjarðalax hf. gerir ráð fyrir að þetta ferli muni taka a.m.k. 7 mánuði, gangi ferlið hratt og fumlaut. Bent er á að til viðbótar við áætlaðan tíma megi af fenginni reynslu gera ráð fyrir einhverjum töfum í ferlinu, þá bætist við málsmeðferð vegna leyfisumsókna hjá bæði Matvælastofnun og Umhverfisstofnun. Fjarðalax hf. vísar til þess að framangreind fyrirætlun sé sett fram með fyrirvara um að lýst meðferð hefur hvorki verið borin undir né hlotið samþykki Skipulagsstofnunar.

*Málskot til dómstóla verður að vera raunhæft og virkt úrræði.*

Í umsókn Fjarðalax hf. er bent á að í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, er kveðið á um að öllum beri réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstól. Það sé forsenda þess að rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar sé tryggður að aðilar eigi raunhæfan kost á því að bera mál sín undir dómstóla. Fjarðalax hf. telur ljóst að ef fyrirtækið fær ekki útgefið rekstrarleyfi til bráðabirgða muni það skerða möguleika þess til að láta reyna á lögmæti úrskurða úrskurðarnefndarinnar fyrir dómstólum.

*Forráðamenn Fjarðalax hf. í góðri trú um gildi starfs- og rekstrarleyfa*

Fjarðalax hf. vísar til þess að starfs- og rekstrarleyfi voru með úrskurðum úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála felld úr gildi með vísan til form-annmarka á útgáfu leyfanna. Af þessu tilefni leggur umsækjandi áherslu á að áður en tilvitnuð starfs- og rekstrarleyfi voru gefin út hafi farið fram umfangsmikið umhverfismats- og leyfisferli á grundvelli laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, laga nr. 71/2008 um fiskeldi og laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Aðkomu að þessu ferli hafi átt m.a. Hafrannsóknastofnun, Umhverfisstofnun, Matvælastofnun og Skipulagsstofnun, auk rannsóknaraðila á vegum umsækjanda og margra annarra umsagnaraðila. Að þessu ferli loknu hafi starfs- og rekstrarleyfi verið gefin út, sem fyrirtækið hafi þá haft réttmætningar væntingar um að geta hagnýtt.

Umsækjandi bendir á að viðurkennt sé við mat á umhverfisáhrifum að framkvæmdaraðili hafi forræði á því að ákveða hvaða framkvæmdakosti hann telur uppfylla markmið framkvæmdar, enda sé mat hans reist á hlutlægum og málefnalegum grunni, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 22/2009. Skipulagsstofnun geti þó með ákvörðun um matsáætlun gert kröfu um að framkvæmdaraðili fjalli um tiltekna valkosti í frummatsskýrslu. Þá geti umsagnaraðilar og almenningur, bæði við kynningu á tillögu að matsáætlun og við kynningu á frummatsskýrslu, farið fram á að fjallað sé um tiltekna valkosti í umhverfismati framkvæmdarinnar. Framkvæmdaraðila beri að bregðast málefnalega við slíkum tillögum umsagnaraðila og almennings, hvort sem það leiði til þess að bætt sé við umhverfismatið valkosti sem metin eru umhverfisáhrif af, eða færð rök fyrir því hvers vegna viðkomandi valkostur telst ekki raunhæfur af hálfu framkvæmdaraðila. Í umsókn er jafnframt vísað til þess að samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 skuli leyfisveitandi, þ.e. Matvælastofnun og Umhverfisstofnun, þegar um er að ræða leyfi til fiskeldis, við útgáfu leyfis til framkvæmdar samkvæmt flokki A kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar.

Umsækjandi, Fjarðalax hf. leggur áherslu á, að þrátt fyrir að matsskýrsla hans hafi í samræmi við framangreint sætt sérstakri athugun þriggja ríkisstofnana, umsagnaraðila og almennings, hafi engin athugasemd komið fram í ferlinu við umfjöllun um valkosti né verið lögð fram krafa um að fjallað yrði um tiltekna valkosti í matsskýrslu. Fjarðalax hf. hefði því, á grundvelli afgangslu ríkisstofnananna þriggja og þeirra umsagna sem bárust við meðferð málsins, haft réttmætar væntingar um að valkostagreining hans fullnægði áskilnaði laga og reglugerða. Fjarðalax hf. hafi því hafið starfsemi sína í góðri trú um að fyrirtækið hefði með réttum hætti og á réttum grundvelli



aflað allra tilskilinna leyfa. Í þessu sambandi er jafnframt bent á að fiskeldisstöðvum beri beinlínis skylda til að hefja starfsemi í samræmi við rekstraráætlun, ella skuli Matvælastofnun fella rekstrarleyfi úr gildi, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Fjarðalax hf. hafi því ekki einvörðungu haft réttmætar væntingar til þess að hefja undirbúning og hagnýtingu á grundvelli útgefinna starfs- og rekstrarleyfa, heldur hafi honum beinlínis verið það skylt.

*Hagsmunir Fjarðalax hf. og samfélagsins af útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða*

Í umsókn leggur Fjarðalax hf. áherslu á þá hagsmuni sem séu undir í máli þessu, ekki eingöngu fyrir fyrirtækið heldur einnig ríka samfélagslega og þjóðhagslega hagsmuni. Fram kemur í umsókn að ef Fjarðalaxi hf. verði ekki veitt bráðabirgða rekstrarleyfi muni það hafa í för með sér verulegt og óafturkræft tjón fyrir fyrirtækið og nærliggjandi samfélag og byggð. Vísað er til þess að Arnarlax hf., en Fjarðalax hf. er hluti Arnarlax hf. samstæðunnar, hafi hagað undirbúningi aukinnar framleiðslu á grundvelli leyfisveitinga Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar í samræmi við lög og varið miklu fjármagni í hvers kyns rannsóknir, öryggisráðstafanir, kaup á vélum, búnaði og öðru sem nauðsynlegt er til starfseminnar. Heildarfjárfesting samstæðunnar hafi verið 13,5 milljarðar íslenskra króna í lok árs 2017 og þar af bókfært eigið fé 49%. Á það er bent í umsókn að heildarfjárfesting Arnarlax hf. samstæðunnar uppá 13,5 milljarða króna taki til seiðaframleiðslu, kvíastöðva, fódurskipa, pökkunar- og vinnsluhúsa auk ýmiss konar þjónustu- og vinnuskipa. Vísað er einnig til þess í umsókn að uppbygging lífmassa til að tryggja um 10.000 tonna árlega framleiðslu sé kostnaðarsöm og tímafrek. Þannig er áréttað að bókfærður lífmassi Arnarlax hf. samstæðunnar sé 4,4 milljarðar króna að virði í lok árs 2017. Í þessar fjárfestingar hafi verið ráðist í réttmætu trausti þess að leyfin haldi gildi sínu.

Í umsókn kemur fram að starfsemi Fjarðalax hf. sé eðli máls samkvæmt í fullum gangi og hafi verið um árabil. Í því samhengi athugist að það taki um ár frá klaki á hrognum þar til seiði verða klár til sjógöngu. Fram kemur að sú kynslóð sem hefur verið sett út í Patreksfirði sé búin að vera í eldi á landi í tæpt ár. Samkvæmt viðbótargögnum frá Fjarðalaxi hf. kemur fram að í júní, júlí og ágúst 2018 hafi 1.176.000 seiði verið sett í sjó á eldissvæði Fjarðalax hf. við Eyri í Patreksfirði. Áætlanir geri ráð fyrir því að hámarks lífmassa vegna þessarar útsetningar verði náð í maí 2020 (5.928.000 kg) og að slátrun hefjist í mars það sama ár. Áætlanir geri svo ráð fyrir að um 5.505.000 kg verði slátrað af eldissvæðinu við Eyri árið 2020 og áætluð afföll 6-14%. Miðað við að gildistími rekstraleyfis til bráðabirgða sé tíu mánuðir og að útgáfudagur þess leyfis sé 1. nóvember verði áætlaður lífmassi á eldissvæðinu 3.050.255 kg í ágúst 2019 eða eftir tíu mánuði frá útgáfu. Áætlanir geri ráð fyrir útsetningu 1.750.000 seiða á eldissvæði Fjarðalax hf. við Laugardal í Tálknafirði í júní og júlí 2019. Vakin er athygli á því að eldi á þessum seiðum er nú þegar hafið í seiðastöðvum félagsins í Tálknafirði og Þorlákshöfn. Áætlað er að lífmassi nái svo hámarki í febrúar 2021 og verði þá 8.461.000 kg.

Fram kemur í umsókn að eldisfiskur sé stærsta og helsta fjárfesting Fjarðalax hf. og án hans sé rekstrargrundvöllur fyrirtækisins algjörlega brostinn. Fjárfestingar í búnaði hlaupi á hundruðum milljóna króna en auk þess sé félagið að sjálfsögðu með lán, viðskiptasamninga, ráðningarsamninga og aðrar skuldbindingar sem standa þurfi skil á. Þessar skuldbindingar séu háðar því að daglegur rekstur haldi áfram í sama horfi og að ekki verði verulegar breytingar þar á. Verði rekstur fyrirtækisins í Patreksfirði og Tálknafirði stöðvaður eigi Fjarðalax hf. ekki annarra kosta vöð en að farga eða slátra eldisfiskinum, sem sé að svo stöddu langt frá því að vera söluhæf afurð. Við slíkar aðstæður telur Fjarðalax hf. ljóst að ráðast þurfi í stórfelldar sparnaðar- og hagræðingaraðgerðir til að forða félaginu frá gjaldþroti, þ.m.t. fjöldauppsagnir. Raunar séu miklar líkur á því að ef stöðva þyrfti starfsemi á grundvelli skorts á rekstrarleyfi til lengri tíma yrði gjaldþrot óhjákvæmilegt.

Eðli málsins samkvæmt geri allar rekstraráætlanir Fjarðalax hf. ráð fyrir fullri nýtingu á framleiðsluheimildum. Allar fjárfestingar, framleiðsluáætlanir og fjárfestingaáætlanir félagsins



geri þannig ráð fyrir 10.700 tonna framleiðslu á grundvelli leyfa Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar. Grundvöllur þessara áætlana byggir á að samþætta eigi nýtingu leyfanna heimild móðurfyrirtækisins Arnarlax til framleiðslu á 10.000 tonnum árlega í Arnarfirði. Samþættingaráætlunin felist í því að samræma seiðaútsetningar, hvíldartíma eldissvæða og nýtingu á eldisbúnaði félagsins ásamt vinnu starfsmanna, bátum og rekstri á sláturhúsi. Verði rekstur Fjarðalax í Patreks- og Tálknafirði stöðvaður, jafnvel þótt tímabundið sé, jafngildi það algjörum forsendubresti á seiðaframleiðslu, nýtingu á tækjum, búnaði, tryggingum og samningum við starfsfólk og verktaka. Slík rekstrarstöðvun myndi umsvifalaust virkja gjaldfellingaheimildir banka og fjármálastofnana, auk þess sem gera megir ráð fyrir að almennir birgjar og þjónustufyrirtæki myndu draga að sér hendur. Forsendur fyrir rekstri félagsins í núverandi mynd væru þar með brostnar og rekstri sjálfhætt með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir atvinnulíf og byggð á viðkvæmu byggðasvæði.

Í þessu samhengi sé vert að geta þess að nú séu stöðugildi hjá Arnarlax hf. samstæðunni samanlagt 115 og sé félagið langstærsti vinnuveitandinn í sinni heimabyggð. Við launakeyrlu hjá Arnarlax hf. þann 30. september 2018 hafi verið 114 launþegar og alls 109 stöðugildi. Verktakar sem hafi unnið fyrir samstæðuna á árinu 2018 séu 135 talsins. Ljóst sé því að rekstrarstöðvun hefði ekki einungis áhrif á hagsmuni félagsins og eigenda þess, heldur samfélagsins alls á Vestfjörðum, sem njóti góðs af þeirri atvinnuuppbyggingu sem fylgir starfsemi Arnarlax hf. samstæðunnar.

Loks segir í umsögn „...að verði umbjóðandi minn tilneyddur til að stöðva rekstur og slátra fiskum í Patreksfirði og Tálknafirði eru forsendur fyrir rekstri félagsins í núverandi mynd brostnar og rekstri sjálfhætt með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir atvinnulíf og byggð á viðkvæmu byggðasvæði. Með hliðsjón af bæði hagsmunum Fjarðalax hf. og samfélagsins á Vestfjörðum telur umbjóðandi minn því einsýnt að ríkar ástæður mæli með því að fallast á beiðni hans um útgáfu bráðabirgða rekstrarleyfis.“

Lögð er sérstök áhersla á meðferð málsins verði flýtt svo sem framast er unnt, sbr. 1. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga.

## Umsagnir og álit

### Umsögn Matvælastofnunar

Þann 15. október 2018, óskaði ráðuneytið eftir umsögn Matvælastofnunar um umsókn Fjarðalax hf. um rekstrarleyfi til bráðabirgða.

Þann 22. október 2018 barst ráðuneytinu lögbundin umsögn Matvælastofnunar um beiðni Fjarðalax hf. um bráðabirgðaleyfi, sbr. 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008 um fiskeldi, fyrir starfsemi fyrirtækisins í Patreksfirði og Tálknafirði vegna laxeldis í sjókvíum.

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að þegar rekstrarleyfið var gefið út þann 22. desember 2017 taldi stofnunin að fyrirtækið uppfyllti kröfur sem gerðar voru fyrir útgáfu leyfisins skv. lögum nr. 71/2008 og reglugerð nr. 1170/2015, þ.m.t. að fyrir lægi gilt starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar frá 13. desember 2017.

Matvælastofnun telur þrátt fyrir að úrskurðarnefndin hafi nú ógilt bæði rekstrar- og starfsleyfi á grundvelli þess að stofnanirnar hafi brotið gegn 10. gr. stjórnsýslulaga með því að tryggja ekki að málið væri nægilega upplýst, þ.e. að gæta að því að lögbundið álit Skipulagsstofnunar væri nægilega traustur grundvöllur leyfisveitingar, að fyrrnefnd lög og reglugerð hindri ekki að fyrirtækinu verði veitt rekstrarleyfi til bráðabirgða skv. 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008, enda hafi fyrirtækið rækt skyldur sínar í samræmi við upprunalega leyfið og þá löggjöf sem um starfsemina gildir.



Matvælastofnun telur að „... líta beri til þess að Fjarðalax hf. hóf starfsemi sína í góðri trú og hafði réttmætar væntingar fyrir starfsemi sinni og framkvæmdum sínum skv. leyfinu. Mikilvægt er að stjórnarsýsluákvæðanir sem teknar eru um starfsemi fyrirtækisins hafi ekki í för með sér eyðileggingu verðmæta að óþörfu sem og að fyrirtækinu verði gert kleift að bæta úr annmarka þeim sem úrskurðarnefndin taldi vera á útgáfu rekstrarleyfisins og/eða að fyrirtækinu verði tryggður sá réttur að láta reyna á lögmæti ógildingarinnar fyrir almennum dómstólum og að það úrræði sé í raun og veru til staðar. Með því er átt við að slíkar stjórnarsýsluákvæðanir valdi ekki óafturkræfu tjóni og röskun á starfseminni áður en niðurstaða dómstóla liggur fyrir. Sérstaklega ber að hafa í huga varðandi síðastnefnda sjónarmiðið að starfsemi fyrirtækisins á grundvelli leyfisins er hafin og búið er að leggja í mikla fjárfestingu vegna útgefna leyfa Matvæla- og Umhverfisstofnunar. Þannig hefur fyrirtækið hafið framleiðslu seiða á grundvelli leyfisins og gert ráðstafanir varðandi búnað og uppsetningu hans.“

Með hliðsjón af framangreindu telur Matvælastofnun að „ríkar ástæður séu fyrir því að fallist verði á beiðni fyrirtækisins þess efnis að ráðherra veiti bráðabirgðarekstrarleyfi á grundvelli 2. mgr. 21. gr. c laga nr. 71/2008 til framleiðslu á 10.700 tonnum árlega af laxi í sjókvíum í Patreks- og Tálknafirði svo svigrúm gefist til að leysa úr málinu endanlega fyrir dómstólum og/eða bæta úr þeim ágöllum sem úrskurðarnefndin taldi vera á umhverfismati framkvæmdarinnar og ný leyfi gefin út. Matvælastofnun telur þó rétt að við útgáfu bráðabirgðaleyfisins verði horft til þess að leyfisveitingin tryggi þau sjónarmið og skilyrði sem lágu fyrir þegar upphaflegt rekstrarleyfi var gefið út og þau gildi jafnframt um rekstrarleyfi til bráðabirgða, þ.m.t. að starfsemi fyrirtækisins uppfylli skilyrði laga nr. 71/2008, reglugerðar nr. 1170/2015 og þau skilyrði sem fram koma starfs- og rekstrarleyfi sem nú hafa verið felld úr gildi.“

Matvælastofnun bendir á að ákvörðun um framhald málsins sé á forræði fyrirtækisins og vísar til þess að fyrirtækið verði að ákveða hvort leitað verði til dómstóla til að fá ákvörðun úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ógilta og/eða hvort bætt verði úr annmarka á umhverfismati því sem leiddi til ógildingar á rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Ákveði fyrirtækið að bæta úr annmarkanum á umhverfismatinu sé það jafnframt á forræði þess hvernig slíkt verði framkvæmt. Í umsögn Matvælastofnunar segir enn fremur að í „erindi fyrirtækisins frá 16. október sl. er að finna tímasetta verkáætlun um hvernig fyrirhugað er að bæta úr þeim ágöllum sem úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála telur vera á umhverfismatinu. Áætlað er að ferlið taki a.m.k. 7 mánuði og til viðbótar megi af fenginni reynslu gera ráð fyrir einhverjum töfum, auk þess sem gera þurfi ráð fyrir málsmeðferð vegna leyfisumsókna hjá bæði Matvælastofnun og Umhverfisstofnun. Sá fyrirvari er settur í erindinu að eftir eigi að kynna áætlunina fyrir Skipulagsstofnun og leita leiðsagnar stofnunarinnar um framhaldið. Matvælastofnun hefur ekki forsendur til að gera athugasemdir við þær áætlanir sem fyrirtækið hefur kynnt fyrir ráðuneytinu til að bæta úr meintum ágalla á umhverfismati. Stofnunin telur þó rétt að leitað verði frekari umsagnar Skipulagsstofnunar um þennan þátt málsins, enda liggur fyrir að sérfræðipækning á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum liggur hjá Skipulagsstofnun.“

Matvælastofnun gerir ekki athugasemdir við þann tímaramma sem fyrirtækið hefur kynnt fyrir ráðuneytinu til að ljúka meðferð málsins fyrir dómstólum og/eða bæta úr meintum annmarka á umhverfismati og telur stofnunin rétt að litið verði til þeirra sjónarmiða sem fyrirtækið hefur kynnt ráðuneytinu í erindum dags. 15. og 16. október sl., þ.m.t. varðandi tímalengd rekstrarleyfis til bráðabirgða.

Matvælastofnun bendir á að starfsemi fyrirtækisins hafi verið innan þeirra heimilda sem kveðið er á um í því leyfi sem nú hefur verið felld úr gildi. Leyfið veitti fyrirtækinu heimild til framleiðslu á 10.700 tonnum af laxi árlega. Ef bráðabirgðaleyfi verður gefið út sé afar ólíklegt að reyna muni



á framleiðsluheimildir þrátt fyrir að fyrirtækið hafi þegar hafið starfsemi og útsett 1.176.000 seiði sl. sumar. Ráðgert sé að slátra fiskinum árið 2020. Verði ákveðið að takmarka leyfið með hliðsjón af lífmassa telur Matvælastofnun rétt að umfang leyfisins raski ekki starfsemi fyrirtækisins á þeim tíma sem áætlaður er til að ljúka meðferð málsins fyrir dómstólum og/eða bæta úr annmarka á umhverfismatinu. Stofnunin vísar til erindis fyrirtækisins á umfangi starfseminnar og þeirra framkvæmda og ráðstafana sem það hefur unnið að frá því leyfið var gefið út þann 22. desember 2017.

Gengið er út frá því að við útgáfu bráðabirgðaleyfis verði starfsemi fyrirtækisins og eftirlit Matvælastofnunar í samræmi við lög nr. 71/2008 og reglugerð nr. 1170/2015 sem og þau skilyrði sem tilgreind eru í rekstrarleyfi sem nú hefur verið fellt úr gildi. Matvælastofnun telur því ekki tilefni til að setja önnur sérstök starfsskilyrði umfram þau skilyrði sem þegar er kveðið á um í rekstrarleyfinu eða þær kröfur sem getið er um í löggjöfni.

Matvælastofnun bendir á að fyrirtækið hafi starfað skv. rekstrarleyfi Matvælastofnunar frá 22. desember 2017 og rækt skyldur sínar skv. því og þeim skilyrðum og kröfum sem getið er um í lögum nr. 71/2008 og reglugerð nr. 1170/2015. Matvælastofnun sinnir lögbundnu eftirliti með starfsemi fyrirtækisins sbr. 14. gr. laga nr. 71/2008 og gengið er út frá því að stofnunin muni halda því áfram verði bráðabirgðarekstrarleyfi gefið út. En í ákvæðinu segir að Matvælastofnun skuli hafa eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við fyrirmæli laganna. Skal eftirlitið ná til fiskeldisþátta í starfsemi stöðvanna og til þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Komi til útgáfu bráðabirgðarekstrarleyfis muni eftirlitið taka mið af þeim forsendum sem þar er kveðið á um. Sömuleiðis muni fyrirtækið þurfa að uppfylla allar þær skyldur sem fjallað er um í 14. gr. ef bráðabirgðaleyfið verður gefið út. Að lokum sé rétt að benda á þær víðtæku heimildir sem stofnunin hefur til að sinna eftirliti með starfseminni skv. reglugerð nr. 1170/2015. Matvælastofnun telur því ekki tilefni til að setja sérstök ákvæði í bráðabirgðaleyfi hvað varðar aukíð eða víðtækara eftirlit með eldisstarfsemi fyrirtækisins en leiða má af lögum nr. 71/2008 og reglugerð nr. 1170/2015.

### *Umsögn Skipulagsstofnunar*

Þann 15. október 2018, óskaði ráðuneytið eftir umsögn Skipulagsstofnunar um umsókn Fjarðalax hf. um rekstrarleyfi til bráðabirgða. Umsögn Skipulagsstofnunar barst ráðuneytinu þann 22. október 2018 og var umsögnin framsend samdægurs til Lögmannsstofu Óttars Yngvasonar og forráðamanns Flugu og nets ehf., rekstrarfélags Vatnsdalsár á Barðaströnd til andmæla.

Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telur eðlilegt að fyrirtækjunum [þ.e. Fjarðalaxi hf. og Arctic Sea Farm hf.] sé gert kleift að bæta úr þeim annmörkum sem úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála taldi vera á undirbúningi rekstrarleyfa fyrirtækjanna, án þess að koma þurfi til stöðvunar á þeirri starfsemi sem byggði á umræddum leyfum. Stofnunin gerir því ekki athugasemdir við að veitt verði rekstrarleyfi til bráðabirgða til starfsemi þeirra.

Stofnunin mælir með því að við ákvörðun um leyfisveitingarnar verði horft til þess að leyfin veiti svigrúm til að bæta úr áðurnefndum annmörkum miðað við markvissa framvindu í þeim málum af hálfu bæði framkvæmdaraðila og stjórnvalda sem og að tryggð sé sambærileg umhverfisvernd, vöktun og eftirlit og gert er ráð fyrir í þeim leyfum sem felld hafa verið úr gildi. Í umsögn Skipulagsstofnunar segir enn fremur „*að stofnunin hafi áður upplýst að stofnunin telji að unnt eigi að vera að koma til móts við framkomna úrskurði með því að taka saman greinargerð um valkosti og fjalla um í leyfisveitingaferli, án þess að fram fari málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Einnig komi þó til greina að málsmeðferð fari fram að nýju samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Forsendur stofnunarinnar fyrir því að leggja til fyrirnefndu leiðina er að fyrir liggja að ekki sé í reynd um að ræða aðra raunhæfa valkosti, heldur skýrslugerð*





sem feli í sér að útskýra þróun þeirrar framkvæmdatilhögunar sem varð ofan á, sem og að fjalla um þá kosti sem tilgreindir eru í úrskurðum úrskurðarnefndar. Stofnunin hefur þó lagt áherslu á að það sé framkvæmdaraðila að ákveða hvort þeir telji þörf á eða kjósi að fara í ítarlegri málsmeðferð. Vísað er til þess að fyrirtækin hafa nú, í framlögðum viðbótargögnum til ráðuneytisins dags. 16. október sl., sett fram tillögu að ítarlegri málsmeðferð í því skyni að bæta úr þeim annmörkum sem úrskurðarnefnd telur vera á undirbúningi rekstrarleyfa fyrirtækjanna. Skipulagsstofnun lýsir sig í öllum aðalatriðum sammála þeirri tillögu sem þar er lögð fram og telur jafnframt að sá tímarammi sem þar er settur fram eigi að geta verið raunhæfur, enda verði framvinda mála markviss af hálfu framkvæmdaraðila og fái sérstakan forgang hjá viðkomandi stjórnvöldum, þegar þau koma til umfjöllunar og afgreiðslu. Nánar tiltekið lítur Skipulagsstofnun svo á að aðstæður í þessu máli séu eftirfarandi:

1. Framkvæmdirnar hafa undirgengist mat á umhverfisáhrifum og fyrir liggur matsskýrsla framkvæmdaraðila dags. 6. maí 2016 og álit Skipulagsstofnunar dags. 23. september 2016.
2. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur komist að þeirri niðurstöðu að gera þurfi frekari grein fyrir valkostum áður en unnt er að taka afstöðu til leyfisumsókna fyrirtækjanna.
3. Fyrir liggur að fyrirtækin telja tilefni til að slík valkostaumfjöllun hljóti málsmeðferð sambærilega því sem á við samkvæmt 9.-11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.
4. Hvað varðar þá málsmeðferð sem framkvæmdaraðilar leggja til, telur Skipulagsstofnun aðstæður í málinu vera áþekkar því þegar Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að endurskoða þurfi mat á umhverfisáhrifum að hluta, sbr. 12. gr. laganna, en þá ber að fylgja málsmeðferð samkvæmt 8.-11. gr. laganna eftir því sem við á. Í þessu máli liggur fyrir að hverju frekari skýrslugerð skal beinast, þ.e. að tilteknum valkostum. Því telur Skipulagsstofnun ekki tilefni til málsmeðferðar samkvæmt 8. gr. laga nr. 106/2000, þ.e. gerð matsáætlunar. Nægilegt sé að leggja fram frummatsskýrslu sem hlýtur málsmeðferð samkvæmt 9.-11. gr. laganna. Hvað varðar efni skýrslunnar, þá muni hið endurskoðaða umhverfismat eingöngu beinast að þeim þáttum sem tilgreindir eru í úrskurðum úrskurðarnefnarinnar, þ.e. tilteknum valkostum og mun því ný frummatsskýrsla/matsskýrsla eingöngu beinast að þeim þáttum og eftir atvikum öðrum þeim atriðum sem framkvæmdaraðilar telja tilefni til að gera grein fyrir. Sama á við það álit sem Skipulagsstofnun gefur út í lok þessa ferlis. Að öðru leyti standi áfram matsskýrsla framkvæmdaraðila frá 6. maí 2016 og álit Skipulagsstofnunar frá 23. september 2016.
5. Framangreind málsmeðferð er eins og sú sem gerð er grein fyrir í þeirri tímaáætlun sem sett er fram í viðbótargögnum framkvæmdaraðila frá 16. október sl. Til viðbótar við þá málsmeðferð kemur síðan málsmeðferð sem fram fer á vegum leyfisveitenda eftir að álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir. Skipulagsstofnun mælir með því að ráðuneytið leiti eftir upplýsingum Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar um hvað stofnanirnar telja þurfa gera ráð fyrir löngum tíma vegna þeirrar málsmeðferðar. Skipulagsstofnun telur að tímamörk rekstrarleyfis til bráðabirgða eigi að taka mið af framangreindri tímaáætlun, að viðbættum þeim tíma sem leyfisveitendur telja þurfa koma til, eftir að álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir. Skipulagsstofnun telur að í rekstrarleyfum til bráðabirgða eigi ekki að hvika frá þeim umhverfiskröfum sem gengið er út frá í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna og þeim leyfum sem felld hafa verið úr gildi. Skipulagsstofnun vekur jafnframt athygli á því að ekki er tilgreint í ákvæði 2. mgr. 21. gr. c í lögum um fiskeldi hver skuli hafa eftirlit með rekstrarleyfum sem gefin eru til bráðabirgða. Af þeim sökum er mikilvægt, að mati stofnunarinnar, að skýrt sé kveðið á um skyldur til eftirlits með starfsemi í þeim leyfum sem gefin eru út á grundvelli þessa ákvæðis. “

Álit Byggðastofnunar



Með tölvupósti þann 14. október sl. óskaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, eftir því við Byggðastofnun, hvort stofnunin geti gefið ráðuneytinu mat sitt eða álit á byggðalegum áhrifum af starfsemi fiskeldisfyrirtækjanna Arnarlax hf. og Arctic Sea Farm hf. vegna umsókna frá Fjarðalaxi hf. og Arctic Sea Farm ehf. um útgáfu rekstrarleyfa til bráðabirgða.

Í minnisblað Byggðastofnunar, dags. 15. október 2018 kemur fram að „Frá síðustu aldamótum og til ársins 2012 fækkaði fólki á sunnanverðum Vestfjörðum verulega auk þess sem aldursamsetning skekkist vegna fækkunar ungs fólks. Sú þróun stóð fram til ársins 2012 þegar fólki tók að fjölga á ný í tengslum við uppbyggingu fiskeldis á svæðinu. Sérstaklega á það við um Patreksfjörð og Bildadal en fólki fækkaði á Tálknafirði eftir lokun fiskvinnslu Þórsbergs ehf. á staðnum. Í dag er staðan sú á sunnanverðum Vestfjörðum að aðeins ein fiskvinnsla er eftir, fiskvinnsla Odda hf. á Patreksfirði. Áhrifa uppbyggingar í fiskeldi gætir í verulegum mæli á svæðinu og eru væntingar um verulega fjölgun starfa með eldi laxfiska í Tálknafirði og Patreksfirði.“ Enn fremur kemur fram í minnisblaði Byggðastofnunar að „Samkvæmt upplýsingum frá Arnarlaxi hf., sem staðfestar eru af endurskoðanda félagsins, störfuðu 122 hjá samstæðunni þann 30. júní sl. Heildarlaun starfsmanna á árinu 2017 námu ríflega 900 milljónum kr. Auk þeirra eru verktakar og þjónustuaðilar á svæðinu sem vinna við uppbyggingu vinnsluhúsa og seiðastöðva í Tálknafirði og Þorlákshöfn. Þá er áætlað að um 100 manns séu í afleiddum þjónustuiðnaði í kringum eldið.“ Jafnframt segir í umsögn Byggðastofnunar „Fjöldi starfsmanna félaganna tveggja, Arnarlax hf. og Arctic Fish Farm ehf. nú í sumar voru því um 170 manns og launakostnaður á síðasta ári nam um 1,6 milljarði kr. Afleidd störf eru samtals um 150. Gera má því ráð fyrir að starfsemi félaganna hafi áhrif á nokkur hundruð fjölskyldur á Vestfjörðum. Til samanburðar er hægt að benda á að Vinnuálastofnun áætlað að samanlagt vinnuafli á Vesturbbyggð og Tálknafjarðarhreppi sé ríflega 700 manns og um 4.000 manns á Vestfjörðum öllum. Heildarfjárfesting Arctic Sea Farm er komin í 6-7 milljarða kr. þar af eru 3,6 milljarðar kr. í seiðaeldisstöðinni í Tálknafirði. Heildarfjárfesting hjá Arnarlaxi er um 14 milljarðar kr. Samtals fjárfesting félaganna beggja er því um 20 milljarðar kr.“ Jafnframt segir í minnisblaði stofnunarinnar að: „Fiskeldi er fjárfrek starfsemi þar sem fjármagna þarf seiðaeldi, uppbyggingu eldismassa í kvíum og allan búnað áður en tekjur fara að berast. Því þurfa eldisfyrirtæki að hafa tryggan aðgang að fjármagni. Allur vafi á því að eldisleyfi séu gild eða einhverjum annmörkum háð er líklegur til að leiða til lokunar á aðgangi að lánsfjármagni og að fjárfestar haldi að sér höndum. Fáist ekki lánsfjármagn er grundvöllur rekstrar og framtíðaráforma fyrirtækjanna brostinn sem leiða mun til mikils samdráttar eða jafnvel þess að félögin neyðist til að hætta starfsemi. Sú niðurstaða myndi leiða til þess að stærstur hluti þeirra starfa sem eru við eldið og í verktöku í kringum það myndi tapast. Það yrði gríðarlegt áfall fyrir samfélagið á Vestfjörðum þar sem miklar vonir eru bundnar við að sú jákvæða þróun sem fylgt hefur uppbyggingu og umsvifum fiskeldisins muni halda áfram í stað neikvæðrar atvinnu- og íbúapróunar undanfarinna áratuga.“

### Andmæli

Þann 26. október 2018 bárust ráðuneytinu andmæli Óttars Yngvasonar fyrir hönd umbjóðenda sinna við umsögn Fjarðalax hf. um rekstrarleyfi til bráðabirgða þar sem hugsanlegri útgáfu rekstrarleyfis ráðuneytisins til bráðabirgða er alfarið mótmælt. Umsögnin var send fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins LAXINN LIFI, Akurholts ehf. og Geiteyrar ehf., eigenda Haffjarðarar í Hnappadal, Ara P. Wendel, eiganda Kirkjuból í Arnarfirði og veiðiréttarhafa í Fífustaðadal, Víðis Hólms Guðbjartssonar, eiganda Grænuhlíðar í Arnarfirði og veiðiréttarhafa í Bakkadal, Atla Árdal Ólafssonar, eiganda hluta veiðiréttar í Hvannadalsá, Langadalsá og Þverá í innanverðu Ísafjarðardjúpi og Varplands ehf., eiganda hluta veiðiréttar í



Langadalsá og Hvannadalsá í innanverðu Ísafjarðardjúpi og Veiðifélags Laxár á Ásum. Gerð var krafa um að hafnað verði útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða fyrir ofangreinda laxeldisstóriðju í opnum sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði.

Gerðar voru neðangreindar athugasemdir og andmæli við umsögn vegna hugsanlegrar útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða.

- A. Vísað er til þess að setning laga nr. 108/2018, um breytingu á lögum um fiskeldi, með síðari breytingum brjóti gegn tveimur alþjóðasamningum, annars vegar Árósasamningnum og hins vegar EES samningnum sbr ákvæði tilskipunar 2011/92/ESB og lög nr. 106/2000 og lög nr. 130/2011. Brotið hafi verið gegn Árósasamningnum þar sem frumvarp til breytinga á lögnum var lagt fram á Alþingi um hádegi 9. október 2018 og afgreitt með afbrigðum af þinginu samdægurs og án þess að sjónarmið framangreindra andmælenda né sjónarmið almennings hafi komið fram. Frumvarpið hafi jafnframt ekki verið sent til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til umsagnar. Jafnframt hafi lagasetningin brotið gegn Árósasamningnum þar sem teknir hafi verið úr sambandi uppkveðnir úrskurðir úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála með lagasetningunni og beitingu ákvæða laganna. Úrskurðirnir stæðu þannig ekki lengur, eftir að lögnum hefði verið beitt. Um leið sé ljóst að rekstrarleyfi til bráðabirgða yrði ekki borið undir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sbr. lokaákvæði 1. gr. breytingalaganna. Samkvæmt dómaframkvæmd á Íslandi gætu umhverfisverndarsamtök heldur ekki borið útgáfu bráðabirgðaleyfis undir dómstóla. Af þessu leiði að „*lögmætir úrskurðir óháðrar og sjálfstæðrar úrskurðarnefndar sem komið er á fót á Íslandi í þeim sérstaka tilgangi að veita réttláta málsmeðferð í tilteknum umhverfismálum í samræmi við alþjóðasamninga, yrðu núllitet og umhverfismálin svipt réttlátri málsmeðferð*“ eins og segir í umsögn Óttars Yngvasonar fyrir hönd umbjóðenda sinna Í andmælunum kemur fram að framangreint sé alvarlegt brot á þriðju stoð Árósasamningsins, það er réttinum til að bera ákvarðanir, athafnir og athafnaleysi stjórnvalda undir óháðan og sjálfstæðan úrskurðaraðila, þegar um er að ræða framkvæmdir sem hafa mikil áhrif á umhverfið, þ.e. 9. sbr. 6. gr. samningsins. Í andmælunum er einnig talið að lagasetningin gangi gegn ákvæðum tilskipunar 2011/92/ESB. Vísað er til þess að í 11. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að ákvarðanir sem veita leyfi til framkvæmda eða starfsemi sem hafa mikil áhrif á umhverfið skuli þeir sem lögvarða hagsmuni hafa, m.a. umhverfisverndarsamtök, geta borið undir dómstól eða annan óháðan og sjálfstæðan úrskurðaraðila. Lögin og áformið framkvæmd þeirra miði að því að gera það í reynd erfitt eða ómögulegt fyrir fyrrgreinda andmælendur að leita réttar síns fyrir óháðum og sjálfstæðum úrskurðaraðila. Einnig setji lögin aðra reglu en almennt tíðkast hér á landi, en almenna reglan sé sú, að stjórnvaldsákvörðunum verði skotið til æðra stjórnsýslustigs. Sé þannig brotið gegn grundvallarreglum EES-réttar um skilvirkni og jafnrétti. Sú tegund leyfis, sem lögin gera ráð fyrir þ.e. rekstrarleyfi til bráðabirgða, eigi sér enga stoð í reglum EES-réttar um leyfisveitingar fyrir matsskylda starfsemi. Vísað er til þess að framangreind ákvæði tveggja alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að, sé það sem jafnan er nefnt réttlát málsmeðferð í umhverfismálum.
- B. Vísað er til þess að ráðuneytinu sé skylt að sinna rannsóknarskyldu samkvæmt stjórnsýslulögum við útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða. Leyfisferlið fari síðan m.a. fram samkvæmt fiskeldislögum og verði að gæta þess, að öll skilyrði III. kafla þeirra laga og sérstaklega 8. greinar laganna séu uppfyllt. Sérstaklega er bent á það skilyrði, að rekstraraðili skuli framvísa skilríkjum um heimild til afnota sjávar. Ennfremur skuli koma fram í umsókn staðfesting um a.m.k. 30% eigin fjármögnun eldisins. .



- C. Þá er bent á, að samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um fiskeldi verði umsækjandi að uppfylla kröfur sem gerðar eru í reglugerð um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum.
- D. Þá er vísað til þess að liggja skuli fyrir afrit af ákvörðun Skipulagsstofnunar, að framkvæmdin sé ekki matsskyld eða álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Umhverfismat sé lagskylda samkvæmt lögum nr. 106/2000 við vissar framkvæmdir og að í tilviki laxeldis Fjarðalax hf. sé umhverfismat skylda. Sú skylda verði ekki tekin úr sambandi með því að setja lög um útgáfu leyfis sem gilda skuli til bráðabirgða, í stað leyfis sem gefið var út skv. 13. gr. laganna en var ógilt vegna verulegs annmarka á því. Bent er á að meta þurfi sérstaklega hvort fyrirtækið eigi að fá að stunda eldisstarfsemi vegna margvíslegra lögbrota.
- E. Vísað er til þess að Fjarðalax hf. byggir á því í umsókn sinni að réttur fyrirtækisins til að bera úrskurði undir dómstóla verði að vera raunhæfur og virkur. Andmælendur telja að framkvæmdaraðili eigi enga kröfu á að stunda ólögmæta starfsemi, sem hann fer af stað með á eigin ábyrgð og eftir margvíslegar aðvaranir og andmæli, meðal annars að því leyti er varðar skort á valkostagreiningu, allt frá árinu 2015, þegar andmælendur hafi gert athugasemdir við þetta atriði í umhverfismati. Sú regla að aðilar geti ekki komið sér undan ákvörðunum stjórnvalda með því að bera þær undir dómstóla og stöðvað réttaráhrif ákvarðananna á meðan, eigi við í þessu tilviki eins og öllum öðrum. Af gögnum málsins verði ekki annað ráðið en fyrirtækið hafi látið undir höfuð leggjast að vanda undirbúning sinn og haga honum í samræmi við lög og reglur.
- F. Bent er á að hagsmunir Fjarðalax hf virðist auk þess takmarkaðir í þessu máli, þar sem seiði hafi einungis verið sett út fyrir um fjórum mánuðum og séu enn smá og megi mögulega flytja á önnur eldissvæði.
- G. Vísað er til þess að í framlögðum gögnum Fjarðalax hf. sé því haldið fram að engar athugasemdir varðandi valkostaumfjöllun hafi komið fram í leyfisferlinu. Andmælendur telja þessa staðhæfingu ranga. Athugasemdir í þessa veru hafi verið í bréfi andmælenda til Skipulagsstofnunar í desember 2015 um frummatsskýrslu. Því atriði hafi ekki verið svarað á þeim tíma, en það breyti því ekki að athugasemdin hafi vissulega komið fram um leið og andmælendurnir áttu kost á því. Sú málsmeðferð sé hluti af leyfisveitingarferli skv. lögum nr. 106/2000. Þá vísa andmælendur til þess að gerð hafi verið sambærileg athugasemd í bréfum til Umhverfisstofnunar 15. maí 2017 og 21. ágúst 2017 í tengslum við þá fyrirhugaða starfsleyfisútgáfu skv. lögum nr. 7/1998. Þannig liggja fyrir að gerðar hafi verið athugasemdir á öllum stigum leyfisveitingaferlisins. Fjarðalax hf. hafi því ekki haft neinar lögmætar væntingar og útilokað sé að fyrirtækið hafi verið í góðri trú, enda mæli 9. gr. laga nr. 106/2000 fyrir um að valkosti skuli setja fram og meta.
- H. Í andmælum við umsókn Fjarðalax hf er á það bent að hagsmunir andmælenda, almennings í landinu og umhverfisins, þar með talið samfélagsins, séu hér einnig í húfi og umhverfismat fari síður en svo fram í tómarúmi. Ljóst sé að hagsmunir Fjarðalax hf. séu mjög takmarkaðir að svo komnu enda ekkert eldi áætlað fyrr en um mitt ár 2019. Mótmælt er sérkennilegum margföldunartölum fyrirtækisins um verðmæti framleiðslu í framtíðinni. Tal um fjöldauppsagnir og gjaldþrot og brostnar forsendur fyrir rekstri félagsins sé út í hött, einhvers konar hræðsluáróður, og ekki í samræmi við staðreyndir, enda stöðugildi engin enn við væntanlegt eldi í Patreksfirði.
- I. Andmælendur mótmæla fullyrðingum um að laxeldið hafi snúið við neikvæðri íbúapróun á svæðinu og benda á tölur Hagstofu Íslands um íbúapróun í Vesturbyggð og Tálknafirði árin



2015 – 2017. Íbúum á Tálknafirði hafi fækkað um 59 á þessum þremur árum en fjölgað í Vesturbyggð um samtals 16 sömu þrjú ár.

- J. Ekkert raunhæft hagsmunamat hafi farið fram, annars vegar vegna eldisáforma í Patreksfirði og Tálknafirði og hins vegar vegna hagsmuna rúmlega 1.800 lögbýla, sem hafi tekjur af lax- og silungsveiðihlunnindum. Skráðir eigendur lögbýlanna séu um 5.000 talsins. Efnahagsleg velta af þessum náttúrunytjum miðað við grunn frá Hagfræðideild Háskóla Íslands sé um 15-20 milljarðar á ári og skapi um 1.200 ársstörf, aðallega í brothættum byggðum í sveitum landsins. Eignarrétturinn sé friðhelgur og raunveruleg hættu sé á því að gangi áform fiskeldismanna eftir muni það hafa verulega neikvæð áhrif á veiðihlunnindi á Íslandi og valda stórkostlegu tjóni. Andmælendur eigi því mikilla hagsmuna að gæta, að ekki sé stefnt í hættu lífríki margra lax- og silungsveiðiáa þeirra með lúsafári og mengun frá framandi erlendum kynbættum eldislaxi, sem enginn mótmælir að muni sleppa í meira eða minna mæli úr fyrirhuguðu sjókvíaeldi í Patreksfirði og Tálknafirði. Víst sé að eldisfiskurinn muni dreifa sér í veiðiár allt í kringum landið eins og nýleg reynsla sýni, að ekki sé minnst á lúsafár og sjúkdómasmit og stórfellda saur- og fóðurleifamengun í nágrenni eldiskvíanna. Nú þegar séu farnir að veiðast eldislaxar í ýmsum veiðiám landsins og það án þess að tilkynnt hafi verið um sleppitjón eins og fram hafi komið í fjölmiðlum. Samkvæmt skýrslum Hafrannsóknastofnunar sýni reynslan bæði hér á landi og annars staðar, að allar veiðiár landsins séu í hættu, hvar sem eldið er staðsett
- K. Í andmælum er vísað til þess að 100 helstu laxveiðiár á skrá Landssambands veiðifélaga séu með samtals um 400 laxveiðistangir og heildarveiði 40 – 50 þúsund laxa. Verðmæti hvernar stangar sé að meðaltali a.m.k. kr. 500 milljónir. Heildarverðmæti þessara 100 laxveiðiáa sé þá um kr. 200 milljarðar. Þessi náttúruverðmæti séu öll í meiri eða minni hættu fyrir sakir strokufiska af norskum stofni úr sjókvíaeldi. Þessir beinu hagsmunir séu langtum stærri en sjókvíaeldi norskra auðhringa og risaeldisfyrirtækja sem hafi sótt í ókeypis og ólögleg afnot af íslenskum fjörðum – að ekki sé minnst á eyðileggingu óspilltrar náttúru landsins, sem ekki verði metin til fjár. Því séu ekki síður landsbyggðarsjónarmið að baki þeim andmælum og kærur er liggur fyrir í máli þessu. Tekjur af nýtingu íslenskra fallvatna með laxastofnum séu mikilvægur þáttur í að byggð geti haldist í samfélögum sem eiga undir högg að sækja samfara hnignun hefðbundinna landbúnaðargreina. Því séu ríkir almannahagsmunir að laxeldi í opnum sjókvíum skjóti ekki frekari rótum. Verðmæti íslenskrar náttúru verði seint reiknað til verðs, en hún sé svo sannarlega undir í þessu máli.
- L. Bent er á að samkvæmt svörum Fjarðalax hf. dagsettum 16. október 2018, mun lífmassi útsettra seiða í ágúst 2019, sem sé hámarks gildistími rekstrarleyfis til bráðabirgða, ef ráðuneytið leggi í ólöglega útgáfu þess, nema 3.050 tonnum. Sé það magn því hámark slíks rekstrarleyfis til bráðabirgða. Vakin er athygli á í þessu sambandi að áætlaðar útsetningar seiða í Tálknafjörð í júní og júlí 2019 muni aðeins nema fáum tonnum.
- M. Þá sé ekki upplýst um fjölda starfsmanna við nýhafið eldi Fjarðalax hf. á Patreksfirði samkvæmt ógiltum leyfum, heldur aðeins um heildarfjölda starfsmanna allrar samstæðu Arnarlax hf.
- N. Óttar Yngvason, fyrir hönd umbjóðenda sinna, telur bæði Matvælastofnun og Skipulagsstofnun vanhæfar til að veita umsögn samkvæmt beiðni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna umsóknar Fjarðalax hf., skv. 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008 um rekstrarleyfi til laxeldis í opnum sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði. Byggist vanhæfið á reglum stjórnisýslulaga, þ.e. að stjórnvald sé fengið til að fjalla um ákvörðun, sem það hefur áður komið að og æðra stjórnvald (Úua) hefur úrskurðað ógilda.



Umsögn Matvælastofnunar dags. 22. október 2018 er andmælt í heild vegna vanhæfis stofnunarinnar. Umsögn Skipulagsstofnunar dags. 22. október 2018 er einnig andmælt í heild vegna vanhæfis þeirrar stofnunar, enda hafi stofnunin lýst því yfir opinberlega að hún felli sig ekki frekar en Umhverfisstofnun og Matvælastofnun við hina endanlegu niðurstöðu æðra stjórnvalds (ÚUA), sem hafi gefið álit Skipulagsstofnunar í málinu árið 2016 fallelkunn í úrskurðum sínum í málinu.

- O. Bent er á að Skipulagsstofnunin veki athygli á því í umsögn sinni, að engin ákvæði séu í nýju breytingarlögunum nr. 108/2018 um hver skuli hafa eftirlit með rekstrarleyfum sem gefin séu út til bráðabirgða og styðji það sjónarmið andmælenda um að lögin verði ekki lögmætur grundvöllur slíkra leyfa þar sem þau gangi gegn almennum reglum á réttarsviðinu.
- P. Vísað er til umsagnar Hafrannsóknastofnunar 27. nóvember 2017 þar sem Hafrannsóknastofnun segi m.a. að stærðargráða framkvæmdarinnar sé fordæmalaus á Íslandi og þar sé tekin mikil áhætta t.d. vegna laxalúsa. Þá segi í umsögn að haustið 2017 hafi veiðst stökulaxar í Arnarfirði og Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi, en enginn hafi tilkynnt um slysasleppingu. Samandregið segi Hafrannsóknastofnun fyrir tæpu ári síðan að staðan sé þá gjörbreytt frá því matsskýrslan hafi verið unnin 2014 til 2016 og álit Skipulagsstofnunar frá 2016 byggði á. Í álit Skipulagsstofnunar hafi komið fram „að ef blendingar næðu fótfestu í viðkomandi laxastofni yrðu áhrifin varanleg og óafturkræf.“ Hafrannsóknastofnun sé sammála því mati. Bent er á að Hafrannsóknastofnun hafi gert athugasemdir við útreikning í matsskýrslu Fjarðalax hf. og Arctic Sea Farm hf. á fjölda mögulegra eldislaxa sem búast megi við að geti sloppið úr eldinu og leitað upp í ár.
- Q. Í andmælum er því hafnað að aðeins einn form-annmarki sé á útgáfu hins afturkallaða rekstrarleyfis. Annmarkarnir hafi verið margir og af ýmsum toga, bæði form- og efnisannmarkar. Andmælendur leggja áherslu á að niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 5/2018 hafi byggt fyrst og fremst á einu kærutriðanna þ.e. að ekki hafi verið á neinu stigi málsmeðferðarinnar gerð gangskör að því að greina frekari valkosti en þann eina, sem leyfishafinn ákvað sjálfur að fjalla um. Hafi því af nefndarinnar hálfu ekki verið ástæða til að fjalla sérstaklega um aðrar málsástæður kærunnar. Andmælendur telja að ráðuneytinu sé skylt, sem leyfisútgefanda, að líta til allra sömu atriða og ábendinga varðandi ákvörðun um hugsanlega útgáfu á rekstrarleyfi til bráðabirgða og fjallað var um í kærumálinu. Í þessu sambandi er í andmælunum vísað til meðal annars markmiðsákvæðis 1. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008, ýmissa fullyrðinga í matsskýrslu framkvæmdaaðila, leyfisveitingaferli Matvælastofnunar, lagaheimildar til afnota hafsvæðis, umsagnar Hafrannsóknastofnunar um stærð eldisins, fjarlægðarmark sjókvía, eignarréttinda annarra hagsmunaaðila, magns úrgangs, sjókvíaeldið sé andstætt tilteknum ákvæðum laga um náttúruvernd, umsögn Erfðanefndar landbúnaðarins dags.6. júní 2017 og loks áhættumati erfðablöndunar útgefnu af Hafrannsóknastofnun 14. júlí 2017, svo dæmi séu tekin.
- R. Loks er á það bent í andmælum að í umhverfismati liggja fyrir umsögn frá dýralækni fiskisjúkdóma hjá Matvælastofnun, dags. 26. október 2015 til Skipulagsstofnunar um frummatsskýrslu framkvæmdaraðilans, þar sem m.a. segi: „Eftir lestur skýrslunnar er niðurstaðan sú að engin efnisleg athugasemd er gerð hvað varðar svið heilbrigðismála og sýnist sem þeir þættir er skipta mestu máli séu allir á sínum stað.“ Sams konar niðurstöðu megi lesa í fleiri umsögnum umrædds aðila um laxeldi í sjókvíum. Miðað við fréttir í fjölmiðlum á sl. ári um einkaviðskipti þessa sérfræðings og opinbers starfsmanns, sem hafi



sjálfur stundað sölu bóluafnis til laxeldisfyrirtækja, verði ekki hjá því komist að ætla að þessi umsögn sérfræðingsins og starfsmanns Matvælastofnunar, útgáfuaðila rekstrarleyfis fyrir framkvæmdina, ætti að ógilda alla meðferð málsins eftir að greind umsögn var lögð fram, enda geti umsögnin ekki talist óhlutdræg og framferðið alvarlegt brot á ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og fleiri laga.

## Niðurstaða

### *Almennt*

Í umsókn um rekstrarleyfi til bráðabirgða er vísað til þess að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi úr gildi, þann 27. september 2018 í máli nr. 5/2018, ákvörðun Matvælastofnunar frá 22. desember 2017 um að veita rekstrarleyfi fyrir 10.700 tonna ársframleiðslu á laxi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði. Jafnframt vísaði úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála frá þeirri kröfu Fjarðalax hf. að fresta réttaráhrifum framangreinds úrskurðar, þar til niðurstaða dómstóla um lögmæti lægi fyrir. Í ljósi alls þessa sækir Fjarðalax hf. um útgáfu á rekstrarleyfi til bráðabirgða til árlegrar framleiðslu á 10.700 tonnum af laxi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði með gildistíma í 10 mánuði skv. 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008, um fiskeldi.

Niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála byggir á að umhverfismatsskýrsla Fjarðalax hf. og álit Skipulagsstofnunar á skýrslunni geti ekki verið lögmætur grundvöllur fyrir ákvörðun um veitingu rekstrarleyfa. Taldi nefndin að Matvælastofnun hefði borið að tryggja að málið væri nægilega upplýst, m.a. með því að gæta að því að lögbundið álit Skipulagsstofnunar hafi verið nægilega traustur grundvöllur fyrir leyfisveitingu. Nefndin taldi að svo hafi ekki verið þar sem tefla hefði þurft fram fleiri en einum valkosti við mat á umhverfisáhrifum, enda væri nauðsynlegt að fá fram samanburð umhverfisáhrifa fleiri kosta sem lögbundin krafa er gerð um, allt í þeim tilgangi að leyfisveitandi geti tekið upplýsta afstöðu að rannsökuðu máli til þess að meta hvort eða með hvaða hætti hægt væri að veita leyfið þannig að skilyrði laga væru uppfyllt.

Í 1. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008, um fiskeldi, er fjallað um starfsemi, sem rekin er án rekstrarleyfis en í ákvæðinu segir að ef fiskeldisstöð er rekin án þess að rekstrarleyfi sé í gildi skuli Matvælastofnun stöðva starfsemina. Eftir þörfum ber lögreglu að veita Matvælastofnun liðsinni í því skyni. Matvælastofnun er heimilt að slátra eða farga eldisdýrum, fjarlægja búnað sem notaður hefur verið til starfseminnar og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir á kostnað þess aðila sem rekið hefur fiskeldisstarfsemi án leyfis. Eldisdýr sem hæf eru til manneldis skulu seld og andvirðið að frádregnum kostnaði Matvælastofnunar vegna sölunnar skal renna í ríkissjóð.

Réttaráhrif framangreindra úrskurða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála eru því þau að Matvælastofnun ber, sbr. 21. gr. c í lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, að stöðva þá starfsemi sem byggist á rekstrarleyfum sem úrskurðirnir lutu að.

Framangreind umsókn Fjarðalax hf. um beiðni um bráðabirgða rekstrarleyfi vegna fiskeldis í Patreksfirði og Tálknafirði er sett fram á grundvelli 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Samkvæmt ákvæðinu getur ráðherra, þegar um er að ræða annmarka á leyfisveitingu, að fenginni umsögn Matvælastofnunar, enda mæli ríkar ástæður með því, gefið út rekstrarleyfi til bráðabirgða til allt að tíu mánaða berist umsókn þess efnis frá handhafa þess leyfis sem var fellt úr gildi innan þriggja vikna frá því að leyfi var fellt úr gildi.



*Almenn skilyrði 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008*

Fyrir liggur að rekstrarleyfi Fjarðalax hf. var fellt úr gildi vegna annmarka á leyfisveitingu og fellur umsókn fyrirtækisins um rekstrarleyfi til bráðabirgða því undir gildissvið 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Í 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008 um fiskeldi, er jafnframt gerður áskilnaður um að í umsókn skuli tilgreina með skýrum hætti tilgang rekstrarleyfis til bráðabirgða, ástæður þess og fyrirhugaðar aðgerðir á gildistíma bráðabirgðaleyfisins. Samkvæmt fyrirliggjandi umsókn Fjarðalax hf. og framlögðum viðbótargögnum kemur fram að fyrirtækið hyggst láta reyna á lögmæti úrskurða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fyrir dómstólum. Er bráðabirgðaleyfinu ætlað að brúa bilið þangað til endanleg niðurstaða dómstóla liggur fyrir. Jafnframt kemur fram að samhliða málarekstri fyrir dómstólum muni Fjarðalax hf. leita leiða til þess að bæta úr meintum annmörkum á umhverfismati framkvæmdarinnar í samráði við Skipulagsstofnun, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun. Einnig eru í umsókn tilgreind þau málsrök og þær málsástæður sem Fjarðalax hf. byggir umsókn sína á. Ráðuneytið telur að umsókn Fjarðalax hf. sé fullnægjandi hvað þetta skilyrði laganna varðar enda geti ráðherra á þessum grundvelli lagt mat á þá hagsmuni sem í húfi eru og metið hvort nauðsynlegt sé að skilyrða slíkt leyfi til að ná markmiðum þess.

*Um gögn sem aflað var vegna afturkallaðs rekstrarleyfis*

Fram kemur í 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008 um fiskeldi, að ákvörðun um rekstrarleyfi til bráðabirgða megi byggja á gögnum sem aflað var við undirbúnings þess leyfis sem fellt var úr gildi. Í máli þessu kemur því til skoðunar hvort fyrir liggja annmarkar á umræddum gögnum. Hér er það sérstakt úrlausnaratriði hvort annmarkarnir séu svo verulegir að ekki sé að lögum unnt að styðjast við fyrirliggjandi gögn.

Í andmælum Óttars Yngvasonar, hrl., fyrir hönd umbjóðenda sinna, koma fram athugasemdir við notkun á þeim gögnum sem lágu til grundvallar afturkölluðu rekstraleyfi. Í andmælunum segir nánar um þetta „...Að mati umbjóðenda minna liggur þannig fyrir að því fer fjarri að ÚUA [úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála] hafi talið að umhverfismatið væri aðeins haldið einum einföldum formannmarka. Það var þvert á móti haldið einum grundvallarannmarka og leyfi á þeim grundvelli því ógilt. Ekki var tekin afstaða til annarra atriða sem leitt gátu til ógildingar leyfisins, hvorki af eða á.“ Í þessu sambandi áréttar ráðuneytið að ekki liggja fyrir úrskurðir á stjórnslustigi eða úrlausnir dómstóla sem staðfesta aðra annmarka á fyrirliggjandi gögnum en koma fram í framangreindum úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 5/2018. Þrátt fyrir þessa staðreynd þykir ráðuneytinu rétt að bregðast við tilteknum staðhæfingum í innsendum andmælum umbjóðenda Óttars Yngvasonar, hrl. hvað þennan þátt málsins varðar.

A. Í innsendum andmælum er vísað til þess að stjórnvöld eigi að gæta að meginreglum náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem kveðið er á um að við ákvarðanir stjórnvalda, sem áhrif hafa á náttúruna, skuli hafa vísindalegan grunn og meta skuli heildarálag á náttúruna. Vísað er til 1. og 2. gr. laga um náttúruvernd, hinnar mikilvægu varúðarreglu sem kemur fram í 9. gr., sem og ákvæði 63. gr. laganna um innflutning og dreifingu á lifandi framandi lífverum, þá er vísað til þess að Matvælastofnun verði sem leyfisveitandi að líta til 1. gr. laga um fiskeldi, þar sem meðal annars segir að tryggja skuli verndun villtra nytjastofna, koma skuli í veg fyrir hugsanleg spjöll á þeim og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Þá skuli þess ávallt gætt við framkvæmd fiskeldislaganna að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskistofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Er í andmælunum kveðið upp úr með það að eldi með laxi af norskum uppruna við strendur landsins sé í andstöðu við framangreind lög og valdi





skaðlegri erfðamengun við villta stofna. Þannig er m.a. staðhæft í umsögn Óttars Yngvasonar, hrl. fyrir hönd sinna umbjóðenda að: „*Fiskeldi með milljónir fiska af erlendum og framandi norskum kynbættum laxastofni mun að mati kæranda valda verulegum og óafturkræfum skaða á öllum villtum laxa- og silungastofnum í öllum ám Vestfjarða á stuttum tíma og mun einnig setja í hættu alla villta laxa- og silungastofna landsins á fáum árum. Visast hér til fjölda regnbogasilungsstrokfiska, sem veiddust sumarið og haustið 2016 eins og alkunnugt er í ám allt í kringum landið, en þó mest í ám á Vestfjörðum. Starfsemin brýtur því gegn 1., 2. og 9. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Starfsemin setur fjölbreytni íslenskrar náttúru til framtíðar í hættu, og þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum er ekki lengur tryggð náí starfsemin fram að ganga og er því brot á 1. mgr. 1. gr. laganna.*“ Í þessu samhengi vísa andmælendur sérstaklega til umsagnar Hafrannsóknastofnunar frá 27. nóvember 2017 vegna rekstrarleyfis til aukinnar framleiðslu Fjarðalax hf. og Arctic Sea Farm hf. á laxi í Patreks- og Tálknafirði máli sínu til stuðnings.

Vegna þessara sjónamiða vill ráðuneytið taka fram að samkvæmt gildandi lögum, sbr. markmiðsákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71/2008, um fiskeldi, er gert ráð fyrir því að unnt sé að stunda fiskeldi í sjó þannig að öðru lífríki beri ekki skaða af. Sérstaklega á þetta við um náttúrulega villta stofna. Þannig eru sett ýmis skilyrði fyrir fiskeldisstarfsemi í lögum og stjórnvaldsreglum. Hér er um að ræða efnisákvæði sem hafa það markmið að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum og tryggja heilbrigði og velferð eldisfisks svo dæmi sé tekið. Jafnframt eru sett ýmis skilyrði og kröfur um mótvægisáðgerðir í umsögnum stjórnvalda við málsmeðferð vegna leyfa og í leyfunum sjálfum. Þetta á t.d. við um álit Skipulagsstofnunar um skýrslu um umhverfismat og í leyfum Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar svo dæmi sé tekið. Umhverfisstofnun og Matvælastofnun ber síðan að hafa eftirlit með því að eftir þessum kröfum laga, stjórnvaldsfyrirmæla og leyfa sé farið í rekstri eldisfyrirtækja.

Auk slíkra almennra krafna stjórnvalda vegna fiskeldis í sjó hafði ráðuneytið forystu um gerð áhættumats erfðablöndunar, sem útgefið var af Hafrannsóknastofnun í 14. júlí 2017. Áhættumatið felur í sér mat á áhættu erfðablöndunar eldislax við villta laxastofna sem hlutfall af umfangi sjókvíaeldis á tilteknum stað. Þannig gerir áhættumatið ráð fyrir því að óafturkræfum skaða sé valdið eða sjálfbærri nýtingu villts stofns sé stefnt í hættu ef fjöldi eldislaxa í laxveiðiám fer yfir tiltekin viðmiðunarmörk. Miðað við vísindalegar forsendur Hafrannsóknastofnunar var erfðablöndun einungis metin yfir mörkum í tilteknum ám við Ísafjarðardjúp og Breiðdalsá. Samkvæmt þessum niðurstöðum lagði stofnunin til takmarkanir á eldi á frjóum laxi í fjörðum á Austfjörðum miðað við útgefið burðarþol og í Ísafjarðardjúpi. Þessi niðurstaða Hafrannsóknastofnunar og sú staðreynd að bæði Matvælastofnun og Skipulagsstofnun hafa áhættumat erfðablöndur til hliðsjónar við afgreiðslu rekstrarleyfa og við málsmeðferð vegna mats á umhverfisáhrifum sýnir að staðhæfingar í andmælum um að “*Fiskeldi með milljónir fiska af erlendum og framandi norskum kynbættum laxastofni mun að mati kæranda valda verulegum og óafturkræfum skaða á öllum villtum laxa- og silungastofnum í öllum ám Vestfjarða á stuttum tíma og mun einnig setja í hættu alla villta laxa- og silungastofna landsins á fáum árum.*“ verði að taka með fyrirvara þar sem andmælendur hafa ekki leitt nein fullnægjandi rök að fullyrðingu sinni um óafturkræfan skaða

Ráðuneytið fellst þannig ekki á þær staðhæfingar andmælenda að eldi á eldislaxi af erlendum uppruna í sjókvíum sé í andstöðu við tilvitnuð lagaákvæði enda var markmið með gerð áhættumatsins að gæta yftrustu varúðar við uppbyggingu fiskeldis og byggja ákvarðanir stjórnvalda um framþróun fiskeldis á vísindalegri ráðgjöf eins og framangreind tilvitnuð lagaákvæði kveða á



um. Í þessu sambandi er einnig rétt að halda til haga að hið niðurfelda rekstrarleyfi til Fjarðalax hf. fer ekki gegn áhættumatinu, sem útgefið var í júlí 2017.

B. Í andmælum kemur fram að taka eigi tillit til álits Erfðanefndar landbúnaðarins frá 6. júní 2017, þar sem veittar eru m.a eftirfarandi ráðleggingar til stjórnvalda: „*Að mati Erfðanefndar landbúnaðarins er frekari útgáfa leyfa til eldis á fjjóum laxi af erlendum uppruna í sjókvíum óforsvaranleg miðað við stöðu leyfisveitinga og skorti á upplýsingum um áhrif eldisins á villta laxastofna í íslenskum ám. Nefndin ráðleggur stjórnvöldum að koma í veg fyrir alla frekari útgáfu leyfa til sjókvíaeldis á laxi, þ.m.t. þá tugi þúsunda tonna sem komin eru í formleg umsóknarferli.*“ Ráðuneytið bendir á að álit nefndarinnar hefur ekki bein áhrif á leyfisveitingar til fiskeldis skv. lögum og reglugerðum. Á vegum stjórnvalda eru hins vegar starfræktar sérhæfðar rannsóknarstofnanir eins og Hafrannsóknarstofnun sem m.a. gefur út burðarþolsmat og áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar.

C. Andmælendur telja að í málsmeðferð Matvælastofnunar hafi „*lögvernduðum eignarréttindum annarra, nær og fjar, í engu verið sinnt, enda þótt fyrir liggi, einkum frá Noregi, vísindalegar upplýsingar um viðtæka skaðsemi af þeirri starfsemi sem hér um ræðir.* Í andmælunum segir „*að Matvælastofnun skauti með öllu fram hjá þessum sjónarmiðum í rekstrarleyfinu. Alþekkt er eins og áður er nefnt, að aðeins örfáir eldisfiskar af erlendri og framandi tegund, sem veiðast í lax- eða silungsveiðiá, eyðileggja samstundis ímynd hreinnar og ómengaðrar náttúru og orðspor viðkomandi veiðiár og þar með eignarréttindi annarra.*“

Ráðuneytið tekur fram að umbjóðendur Óttars Yngvasonar, hrl. hafa ekki sýnt fram á tjón vegna starfsemi Fjarðalax hf., enda var afturkallaða rekstrarleyfi byggt á vísindalegu mati og við það miðað að ekki hljótist tjón af. Í því sambandi vísar ráðuneytið einnig til þess að í 2. og 3. mgr. 18. gr. laga nr. 71/2008, um fiskeldi eru sérstök og hlutlæg ákvæði um skaðabætur vegna tjóns veiðiréttarhafa af völdum fiskeldis og gildir þar meginregla skaðabótaréttarins um að tjónþola beri að sýna fram á og sanna tjón sitt.

D. Andmælendur vísa til þess að ekkert hagsmunamat hafi farið fram hvað varðar annars vegar hagsmuni af fiskeldisstarfsemi og hins vegar hagsmuni veiðiréttarhafa. Í andmælunum segir nánar um þetta „*Til að setja þetta í fjárhagslegt samhengi benda andmælendur á að 100 helstu laxveiðiár á skrá Landssambands veiðifélaga eru með samtals um 400 laxveiðistangir og heildarveiði 40 – 50 þúsund laxa. Andmælendur vísa til þess að verðmæti hveftrar stangar sé að meðaltali a.m.k. kr. 500 milljónir. Samtals verðmæti þessara 100 laxveiðiáa er þá um kr. 200 milljarðar. Andmælendur benda á að þessi náttúruverðmæti eru öll í meiri eða minni hættu fyrir sakir strokfiska úr sjókvíaeldi af norskum laxastofni. Þessir beinu hagsmunir eru langtum stærrir en sjókvíaeldi norskra audhringa og risaeldisfyrirtækja sem hafa sótt í ókeyppis og ólögleg afnot af íslenskum fjörðum – að ekki sé minnst á eyðileggingu óspilltrar náttúru landsins, sem ekki verður metin til fjár.*“

Ráðuneytið áréttar að hér er því haldið fram að það sé nánast fullvíst að starfsemi Fjarðalax hf. og annarra fyrirtækja sem stafrækja sjókvíaeldi muni skaða varanlega lax- og silungsveiðihlunnindi og hagsmuni af nýtingu þeirra. Valið standi þannig á milli þess að stunda annað hvort sjókvíaeldi sem Fjarðalax hf. stundar eða viðhalda nýtingu veiðiréttareigenda í íslenskum veiðiám. Á þetta sjónarmið er ekki hægt að fallast. Í þessu sambandi og máli sínu til stuðnings bendir ráðuneytið á afstöðu sína í A-lið hér að framan.



Í þessu sambandi vill ráðuneytið taka fram að í andmælum er vísað með ýmsum hætti til erlendra fræðiskrifa. Ráðuneytið telur að þau erlendu fræðiskrif sem vísað er til fjalli hvorki um aðstæður á Vestfjörðum né yfirleitt á Íslandi, og ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu andmælenda að hvaða leyti þau hafi gildi hérlendis.

E. Umbjóðendur Óttars Yngvasonar, hrl. vísa til þess að ráðuneytið þurfi við útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða að gæta þess, að öll skilyrði III. kafla laga nr. 71/2008, um fiskeldi og sérstaklega 8. gr, laganna verði að vera uppfyllt. Sérstaklega er á það bent af hálfu andmælenda í þessu sambandi að það skilyrði, að rekstraraðili skuli framvísa skilríkjum um heimild til afnota sjávar skuli uppfyllt. Vísað er til þess að samkvæmt 2. ml. 40. gr. stjórnarskrárinnar geti íslensk stjórnvöld ekki afhent eignar- eða afnotarétt að hafsvæði við landið, sé ekki fyrir hendi sérstök lagaheimild til hinnar tilteknu ráðstöfunar hafsvæðisins. Auk þessa telja andmælendur að fyrir þurfi að liggja við útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða staðfesting um a.m.k. 30% eigin fjármögnun eldisins í samræmi við 8. gr. laga nr. 71/2008.

Hvað fyrra atriði varðar áréttar ráðuneytið að samkvæmt lögum nr. 41/1979, um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, hefur íslenska ríkið fullveldisrétt að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda, lífrænna og ólífrænna, á hafsbotni og í honum, í hafinu yfir honum svo og aðrar athafnir varðandi efnahagslega nýtingu og rannsóknir innan svæðisins, sbr. 4. gr. Stjórnvöld hafa í samræmi við þennan fullveldisrétt tekið þá ákvörðun svo dæmi sé tekið að afmarka friðunarsvæði þar sem eldi laxfiska í sjókvíum er óheimilt, sbr. auglýsingu nr. 460/2004. Með gagnályktun má ráða að stjórnvöld hafa tekið þá ákvörðun að fiskeldi í sjó sé heimilað á tilteknum hafsvæðum. Löggjafinn getur jafnframt í skjóli fullveldisréttar síns leitt í lög ákvæði um nýtingu innan hafalmenninga og þannig undanskilið eða takmarkað réttindi almennings. Lög nr. 71/2008, um fiskeldi eru dæmi um slíka takmarkandi löggjöf. Fram kemur í 2. gr. laga nr. 71/2008 að þau taki til eldis vatnafiska og nytjastofna sjávar á „íslensku forráðasvæði“. Sú krafa 8. gr. laga nr. 71/2008, að umsókn um fiskeldi skv. 1. mgr. skulu fylgja skilríki um heimild til afnota af landi, vatni og sjó verður að skoðast í þessu ljósi. Því er það ekki á færi einstaklinga eða lögaðila að leggja fram skilríki um afnot af sjó heldur einskorðast réttur til að úthluta hafsvæði til afnota fyrir fiskeldi við íslenska ríkið þ.e. viðeigandi stjórnvöld að lögum.

Hvað síðara atriðið varðar kemur fram í 8. gr. laga nr. 71/2008, um fiskeldi, að umsókn um rekstrarleyfi skuli fylgja áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar, ásamt staðfestingu um a.m.k. 30 % eigin fjármögnun eldisins. Samkvæmt staðfestingu endurskoðanda Fjarðalax hf. dags. 31. október 2018 liggur fyrir að eiginfjárhlutfall miðað við endurskoðaðan ársreikning 31.12. 2017 og árshlutauppgjör 30. september 2018 er hærra en 30%. Þar er einnig staðfest að miðað við fjárhagstöðu félagsins og fyrirbyggjandi áætlanir um fjárfestingar og fjármögnun mun eigið fé Fjarðalax hf. verða yfir 30% af fjárfestingarþörfinni þann tíma sem áætlað er að uppbyggingarferlið standi yfir.

F. Þá er í andmælunum vísað til fréttu í fjölmiðlum á sl. ári um viðskipti dýralæknis fisksjúkdóma, sem andmælendur telja að hafi selt sjálfur bóluefni til laxeldisfyrirtækja. Þannig telja andmælendur ekki hjá því komist að ætla að umsögn dýralæknis fisksjúkdóma um frummatsskýrsluna og starfsmanns Matvælastofnunar, ógildi alla meðferð málsins eftir að greind umsögn var lögð fram, enda geti umsögnin ekki talist óhlutdræg og framferðið alvarlegt brot á ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og fleiri laga.

Í svari Matvælastofnunar við fyrirspurn ráðuneytisins kemur fram að öll verkefni er tengjast útgáfu rekstrarleyfisins sem slíks eru aðgreind í stjórnskipulagi stofnunarinnar og eru ekki í



höndum dýralæknis fisksjúkdóma sem hefur enga aðkomu haft af málinu frá því að hann veitti umsagnir varðandi heilbrigðismál til Skipulagsstofnunar. Fyrsta aðkoma dýralæknisins að málinu var umbeðin umsögn til Skipulagsstofnunar vegna tillögu að matsáætlun sem verfræðifyrirtæki hafði tekið að sér að framkvæma. Í téðri umsögn var einungis lagt mat á þá umhverfis- og sjúkdómþætti sem ráðgert var að skoða í tillögu Verkís að matsáætlun. Seinni aðkoma dýralæknisins að málinu var sambærileg umbeðin umsögn til Skipulagsstofnunar um sjálfa frummatsskýrsluna sem þá þegar hafði verið skilað inn og lýsti fyrirhuguðum framkvæmdum og framkvæmdasvæðum. Við afgreiðslu umsagnar lagði dýralæknirinn mat á það hvort frummatsskýrslan fjallaði nægilega um þá þætti er snúa að heilbrigðismálum almennt. Önnur afskipti hafði starfsmaðurinn ekki af málinu. Þá vísar Matvælastofnun til þess að dýralæknir fisksjúkdóma hefur aldrei átt í beinum fjárhagslegum tengslum við Arnarlax hf.

Ráðuneytið telur að framangreind samskipti dýralæknis fiskisjúkdóma hjá Matvælastofnun við Arnarlax hf. valdi ekki ógildingu þess rekstrarleyfis sem var afturkallað né komi í veg fyrir að mögulegt sé að byggja á gögnum sem lágu til grundvallar því rekstrarleyfi vegna útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða.

G. Þá telur Óttar Yngvasonar, hrl. fyrir hönd umbjóðenda sinna að bæði Matvælastofnun og Skipulagsstofnun séu vanhæfar til að veita umsögn vegna umsóknar Fjarðalax hf., skv. 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008 um rekstrarleyfi til bráðabirgða. Byggist vanhæfið á reglum stjórnýslulaga, þ.e. að stjórnvald sé fengið til að fjalla um ákvörðun, sem það hefur áður komið að og æðra stjórnvald hefur úrskurðað ógilda.

Ráðuneytið telur ekki ljóst hvað átt er við með þessari málsástæðu andmælenda. Engin lagaákvæði eru til um sérstakt hæfi lögaðila. Að einu leyti falla hæfisreglur er lúta að starfsmönnum og stjórnvöldum saman. Það er þegar forstöðumaður stofnunar sjálfur á sérstakra eða verulegra hagsmuna að gæta við úrlausn máls skv. 1. ml. 5 tl. 1. mgr. 3. gr. stjórnýslulaga laga nr. 37/1993. og allir undirmenn hans hjá sömu stofnun skv. 2. ml. 5 tl. 1. mgr. 3. gr. sömu laga. Þessi ákvæði eiga ekki við hér. Mögulegt er að átt sé við að starfsmaður hafi áður á annan hátt tekið afstöðu í starfi sínu til hlutaðeigandi máls. Í slíkum tilvikum hefur starfsmaður ekki verið talinn vanhæfur. Í samræmi við framangreint fellst ráðuneytið ekki á að Matvælastofnun eða Skipulagsstofnun séu vanhæfar til að veita umsögn um umsókn Fjarðalax hf.

H. Andmælendur vísa til þess að samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdaraðila um staðsetningu kvíabyrpinga Fjarðalax hf og Arctic Sea Farm hf. í annars vegar Patreksfirði og hins vegar í Tálknafirði sé fjarlægð milli kvíanna minni en 5 km sem er sú lágmarksfjarlægð á milli eldissvæða ótengdra aðila, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar nr. 1170/2015, um fiskeldi.

Ráðuneytið bendir á að samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1170/2015, um fiskeldi getur Matvælastofnun að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun og að fenginni umsögn sveitarstjórnar heimilað styttri eða lengri fjarlægðir milli eldisstöðva. Eins og fram kemur í andmælum leitaði Matvælastofnun til Hafrannsóknastofnunar sem og sveitarfélaganna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar varðandi fjarlægðarmörkin.

Í umsögnum sveitarfélaganna voru ekki gerðar athugasemdir við minni fjarlægð en kveðið er á um í reglugerðinni. Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar sagði: „*Hafrannsóknastofnun hefur á þessu stigi ekki aðrar forsendur til að meta fjarlægð milli eldissvæða en þá sem reglugerðin kveður á um.*“

Ráðuneytið bendir á að við útgáfu rekstrarleyfis var leitað samráðs við Hafrannsóknastofnun og óskað umsagna sveitarfélaganna eins og reglugerðarákvæðið kveður á um. Tilgangur fjarlægðarreglna eldissvæða er fyrst og fremst að koma í veg fyrir smitsjúkdóma, sem



Matvælastofnun hefur sérþekkingu á. Matvælastofnun taldi engar efnislegar forsendur sem kölluðu á meiri fjarlægð milli umræddra kvía Arctic Sea Farm hf. og Fjarðalax hf en raun varð á. Ráðuneytið telur því framangreinda málsmeðferð í samræmi við framangreinda reglugerð og bendir á að andmælendur hafi ekki sett fram nein efnisleg rök fyrir því af hverju ekki megi notast við umrædd eldissvæði við útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða með hliðsjón af fjarlægðarmörkum.

Í ljósi framangreindra málsástæðna andmælenda telur ráðuneytið ekki vera þá annmarka að lögum á fyrirbyggjandi gögnum eða málsmeðferð vegna þeirra að ekki sé unnt sé að byggja á fyrirbyggjandi gögnum við ákvörðun um útgáfu á rekstrarleyfi til bráðabirgða.

*Fyrirliggjandi skýrsla um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og álit Skipulagsstofnunnar.*

Það er sérstakt úrlausnarefni í máli þessu hvort rétt sé að styðjast við skýrslu Fjarðalax hf. um mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar á skýrslunni við útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða, þar sem úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála taldi þessi gögn ekki lögmætan grundvöllur fyrir ákvörðun um veitingu rekstrarleyfa til bráðabirgða.

Í innsendum andmælum umbjóðenda Óttars Yngvasonar, hrl. er staðhæft að umhverfismat sé lagskylda samkvæmt lögum nr. 106/2000 við vissar framkvæmdir og að í tilviki laxeldis Fjarðalax hf. er umhverfismat skylda og að sú skylda verði ekki tekin úr sambandi með því að setja lög um útgáfu leyfis sem gilda skuli til bráðabirgða. Í andmælunum kemur fram að umhverfismatið í þessu máli hafi í meginatriðum verið gert á árunum 2014 til 2016 og geti því ekki talist vera í fullu gildi í skilningi tilskipunar 2014/52/ESB og sem slíkt ekki verið grundvöllur nýrrar ákvörðunar skv. 13. gr. laga nr. 106/2000. Margvíslegar skýrslur um áhættumat og erfðablöndunarhættu hafi komið fram síðan.

Fyrir liggur í málinu afstaða Skipulagsstofnunar til útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða vegna umsóknar Fjarðalax hf. sbr. umsögn stofnunarinnar dags. 22, október 2018. Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji aðstæður í málinu vera áþekkar því þegar Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að endurskoða mat á umhverfisáhrifum að hluta, sbr. 12. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, en þá ber að fylgja málsmeðferð samkvæmt 8.-11. gr. laganna eftir því sem við á. Þá vekur stofnunin athygli á því að í þessu máli liggi fyrir að hverju frekari skýrslugerð skuli beinast, þ.e. að tilteknum valkostum. Því telji Skipulagsstofnun ekki tilefni til málsmeðferðar samkvæmt 8. gr. laga nr. 106/2000, þ.e. gerð matsáætlunar. Nægilegt sé því að leggja fram frummatsskýrslu sem hlýtur málsmeðferð samkvæmt 9.-11. gr. laganna. Nánar segir um þetta atriði í umsögn Skipulagsstofnunar: „*Hvað varðar efni skýrslunnar, þá muni hið endurskoðaða umhverfismat eingöngu beinast að þeim þáttum sem tilgreindir eru í úrskurðum úrskurðarnefnarinnar, þ.e. tilteknum valkostum og mun því ný frummatsskýrsla/matsskýrsla eingöngu beinast að þeim þáttum og eftir atvikum öðrum þeim atriðum sem framkvæmdaraðilar telja tilefni til að gera grein fyrir. Sama á við það álit sem Skipulagsstofnun gefur út í lok þessa ferlis. Að öðru leyti standi áfram matsskýrsla framkvæmdaraðila frá 6. maí 2016 og álit Skipulagsstofnunar frá 23. september 2016.*“

Í málinu liggur fyrir að ógildingarástæða rekstrarleyfa hafi verið ófullnægjandi mat valkosta við framkvæmdina, sem ekki hafi verið lögum samkvæmt. Rekstrarleyfi Fjarðalax hf. er þannig fellt niður vegna galla í málsmeðferð við útgáfu rekstrareyfis en ekki vegna efnislegra ágalla, sem hafa áhrif á umhverfisþætti eða aðra rekstrarlega þætti í starfsemi Fjarðalax hf. Þannig kalla formgallar í málsmeðferð við útgáfu hins afturkallaða rekstrareyfis ekki á breytingar í eldisstarfsemi Fjarðalax hf.

Með hliðsjón þeim annmarka sem leiddi til afturköllunar rekstrarleyfisins hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og niðurstöðu Skipulagsstofnunar um að mögulegt sé að endurskoða



umhverfismatið eingöngu með tilliti til þeirra annmarka sem tilgreindir voru í úrskurði úrskurðarnefningarinnar telur ráðuneytið að unnt sé að byggja á fyrirliggjandi skýrslu Fjarðalax hf. um mat á umhverfisáhrifum og áleti Skipulagsstofnunar á skýrslunni við skoðun á því hvort rétt sé að gefa út rekstrarleyfi til bráðabirgða.

#### *Flutningur eldisfisks*

Samkvæmt því rekstrarleyfi sem felld var úr gildi af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála var Fjarðalaxi hf. heimilt að framleiða 10.700 tonn af laxi með hámarks lífmassa 12.200 tonn í kynslóðaskiptu eldi. Leyfið var bundið við tvö sjókvíaeldissvæði, Svæði P (Patreksfjörður) á eldissvæðunum Hlaðseyri, Sandodda og Þúfneyri og svæði T (Tálknafjörður) á eldissvæðunum Sveinseyri, Suðureyri og Laugardal. Heimilt var að framleiða 5.350 tonn á hverju sjókvíaeldissvæði.

Fram kemur í gögnum málsins að Fjarðalax hf. setti út 1.176.000 seiði í sjókvíar í júní, júlí og ágúst 2018 á eldissvæðinu Þúfneyri í Patreksfirði. Áætlanir fyrirtækisins gera ráð fyrir því að hámarks lífmassa vegna þessarar útsetningar verði náð í maí 2020 eða 5.928.000 kg og að slátrun hefjist í mars það sama ár. Áætlanir gera ráð fyrir að um 5.505.000 kg verði slátrað af eldissvæðinu við Þúfneyri árið 2020.

Áætlanir gera ráð fyrir útsetningu 1.750.000 seiða á eldissvæði Fjarðalax hf. í Laugardal í Tálknafirði í júní og júlí 2019. Forráðmenn Fjarðalax benda á að eldi á þessum seiðum er nú þegar hafið í seiðastöðvum félagsins í Tálknafirði og Þorlákshöfn. Áætlað er að lífmassi á báðum eldissvæðum þ.e. Þúfneyri og Laugardal, nái þá hámarki 8.461.000 kg lífmassa í febrúar 2021.

Óttar Yngvason, hrl., fyrir hönd umbjóðenda sinna, vísar til þess að hagsmunir Fjarðalax hf. séu takmarkaðir þar sem seiði hafi fyrst verið sett út í umræddar sjókvíar fyrir um fjórum mánuðum og seiðin því en smá. Þannig sé hugsanlegt að flytja seiðin til annarra eldissvæða sama rekstraraðila.

Samkvæmt gögnum frá Matvælastofnun, dags. 4. október 2018, telur stofnunin hugmyndir um flutning eldisfisks í Patreks- og Tálknafirði til nálægra eldissvæða algjörlega óraunhæfa og andstæð sjónarmiðum um velferð fiskisins. Eldisfiskurinn sem er í kvíum í fjörðunum er kominn í þá stærð að hann er laus í hreistri og því viðkvæmur fyrir flutningi. Bent er á að komið er fram í október og hitastig farið að lækka og mun lækka enn frekar á næstu vikum sem gerir hann enn viðkvæmari fyrir vikið. Fyrir liggur að fiskurinn er að hluta til smitaður af nýrnaveiki og því ótækt að flytja hann yfir á önnur ósýkt svæði. Stofnunin myndi því leggja gegn slíkum flutningi sem og að búast mætti við miklum afföllum að óþörfu ef af honum yrði. Þá hafa fyrirtækin þegar hafið eldi seiða til útsetningar fyrir rekstrarleyfi í Patreks- og Tálknafirði. Þau seiði munu ekki rúmast innan annarra leyfa fyrirtækjanna, þar sem þau leyfi gera ráð fyrir kynslóðaskiptu sjókvíaeldi og einnig eru í eldi seiði sem fara á þau svæði.

Með vísan til framangreinds telur ráðuneytið ekki raunhæft að flytja eldisfisk úr kvíum í Patreksfirði eða mögulegt að ala seiði til útsetningar á aðrar staðsetningar en Tálknafjörð.

#### *Skilyrði um ríkar ástæður fyrir rekstrarleyfi til bráðabirgða*

Það er skilyrði fyrir útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða að ríkar ástæður mæli með útgáfu slíks leyfis. Fyrir liggur, ef ekki kemur til útgáfa rekstrarleyfis til bráðabirgða, að stöðva þurfi starfsemi sjókvíaeldis Fjarðalax hf. í Patreks- og Tálknafirði. Ekki verður hægt að flytja eldið, sem nú er í sjókvíum á eldisvæðum í þessum fjörðum á aðrar staðsetningar. Þannig stendur Fjarðalax hf. frammi fyrir því að slátra þeim eldisfiski sem nú er í sjókvíum og selja eða afsetja með öðrum hætti seiði sem nú eru í eldi í seiðaeldisstöðvum fyrirtækisins og fyrirhugað var að ala í sjókvíum í Tálknafirði.



Þannig þarf fyrirtækið að slátra eldisfiski og farga, sem er á þessum tímamarki ekki söluhæf afurð. Það er ljóst að af þessum aðgerðum mun hljóta kostnaður og tekjutap fyrir Fjarðalax hf. Forráðamenn Fjarðalax hf., lýsa þessu svo að við slíkar aðstæður sé „...ljóst að ráðast þurfi í stórfelldar sparnaðar- og hagræðingaraðgerðir til að forða félaginu frá gjaldþroti, þ.m.t. fjöldauppsögum. Raunar eru miklar líkur á því að ef stöðva þyrfti starfsemi á grundvelli skorts á rekstrarleyfi til lengri tíma yrði gjaldþrot óhjákvæmilegt.“

Ráðuneytið vísar til þess að starfsemi Fjarðalax hf. hófst á grundvelli hins afturkallaða rekstrarleyfis og fyrirtækið er búið að leggja í umtalsverðar fjárfestingar með hliðsjón af útgefnum rekstrarleyfum Matvælastofnunar. Ljóst er að Fjarðalax hf. mun þurfa að leggja í umtalsverðan kostnað og þola verulegt tekjutap til framtíðar verði starfsemi stöðvuð vegna afturkallaðra rekstrarleyfa. Ekki liggur fyrir með skýrum hætti hverjar afleiðingar verða til skemmri eða lengri tíma, enda háð ýmsum óvissuþáttum, en fyrirséð er að fyrirtækið mun þurfa að hagræða í rekstri og minnka rekstrarkostnað með tilheyrandi uppsögn starfsfólks ef reksturinn á að vera sjálfbær. Þannig mun ekki einasta fyrirtækið bíða fjárhagsleg tap heldur munu afleiðingar af röskun á starfsemi Fjarðalax hf. samhliða hafa áhrif á byggðalög þar sem fyrirtækjareksturs Fjarðalax hf. gætir. Í þessu sambandi vísar ráðuneytið til álits Byggingastofnunar, dags. 15. október 2018, um byggðapróun á Vestfjörðum, þar sem áhrif Arnarlax samstæðunnar á atvinnustig eru metin umtalsverð á starfsvæði fyrirtækisins og vísað til jákvæðrar þróunar sem fylgt hefur uppbyggingu og umsvifum fiskeldisins á Vestfjörðum í stað neikvæðrar atvinnu- og íbúapróunar undanfarinna áratuga. Í ljósi þessa er ekki hægt að fallast á þær fullyrðingar umbjóðenda Óttars Yngvasonar, hrl. að laxeldi hafi ekki snúið við neikvæðri byggðapróun á Vestfjörðum.

Óttar Yngvason, hrl. fyrir hönd umbjóðenda sinna vísar til þess að Fjarðalax hf. hafi ekki haft lögmetar væntingar og útilokað sé að fyrirtækið hafi verið í góðri trú, enda mælir 9. gr. laga nr. 106/2000 fyrir um að valkosti skuli setja fram og meta. Í þessu sambandi er á það bent í andmælum að í framlögðum gögnum Fjarðalax hf. sé því haldið fram að engar athugasemdir varðandi valkostaumfjöllun hafi komið fram í leyfisferlinu en andmælendur telja þessa staðhæfingu ranga. Þannig hafi komið fram andmæli vegna skorts á greiningu valkosta við málsmeðferð Skipulagsstofnunar.

Í þessu sambandi vill ráðuneytið benda á að framkvæmdaraðili hefur forræði á því hvaða valkostir uppfylla markmið framkvæmdar. Skipulagsstofnun getur jafnframt gert kröfu um að í frummatsskýrslu framkvæmdaraðila sé fjallað um tiltekna valkosti. Jafnframt geta umsagnaraðilar og almenningur farið fram á umfjöllun um tiltekna valkosti og ber framkvæmdaraðila að bregðast við þeim tillögum með málefnalegum hætti. Skipulagsstofnun hefur síðan eftirlit með því að framkvæmdaraðili sinni þeirri skyldu. Vegna þeirrar staðhæfinga Óttar Yngvason, hrl. fyrir hönd umbjóðenda sinna um að athugasemdir hafi komið fram um skort á valkostagreiningu við málsmeðferð Skipulagsstofnunar óskaði ráðuneytið eftir sjónarmiðum Skipulagsstofnunar vegna þessa. Fram kemur í svari Skipulagsstofnunar, dags. 5. nóvember 2018 að *“Í matsferlinu fór enginn umsagnaraðili (þ.e. stofnanir og leyfisveitendur) fram á frekari umfjöllun um valkosti. Hvað varðar aðra aðila, þá gerðu nokkrir aðilar, þar á meðal Óttar Yngvason, athugasemdir þar sem vísað var með almennum hætti til 2. mgr. 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, án þess að vísa sérstaklega til valkostasamanburðar. Við [Skipulagsstofnun] lítum því svo á að ábendingar sem komu fram í matsferlinu um valkostasamanburð í athugasemdum almennings hafi verið almenns eðlis og ekki bent á þörf á umfjöllun um tiltekna valkosti. Bréf sem Óttar vísar til að hann hafi ritað Umhverfisstofnun eru rituð eftir að matsferlinu var lokið.”*

Ráðuneytið telur að í ljósi svara Skipulagsstofnunar, dags. 5. nóvember 2018 og eftirlitsskyldu stofnunarinnar með skyldu framkvæmdaaðilans við greiningu valkosta og álits Skipulagsstofnunar



um skýrslu Fjarðalax hf. um mat á umhverfisáhrifum, hafi Fjarðalax hf. haft réttmætar væntingar um að álit stofnunarinnar um skýrslu um mat á umhverfisáhrifum og sú málsmeðferð sem að baki lá hafi verið lögum samkvæmt, en í niðurstöðukafla álitsins sagði meðal annars: „Í samræmi við 11. gr. laga og 24. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu [framkvæmdaraðila] sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum.“. Sama á við um útgefið rekstrarleyfi þar sem Matvælastofnun metur umsókn og meðfylgjandi gögn frá umsækjanda og skal einungis gefa út rekstrarleyfi ef umsókn um rekstrarleyfi fullnægir skilyrðum laga nr. 71/2008, um fiskeldi sbr. 1. mgr. 10 gr. laganna. Þannig telur ráðuneytið að Fjarðalax hf. hafi jafnframt haft réttmætar væntingar um að útgefið rekstrarleyfi væri lögum samkvæmt.

Það er niðurstaða ráðuneytisins samkvæmt framansögðu að stöðvun umræddrar eldisstarfsemi Fjarðalax hf. muni hafa alvarlegar fjárhagslegar afleiðingar fyrir Fjarðalax hf., sem aftur muni hafa neikvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu á starfssvæði fyrirtækisins. Ráðuneytið telur að koma megi í veg fyrir þessar afleiðingar og þá óafturkræfu og óparfa sóun verðmæta sem rekstrarstöðvun óneitanlega fylgir með því að gefa fyrirtækinu ráðrúm til að leita úrræða til að leiðrétta hjá viðeigandi stjórnvöldum eða leggja fyrir dómstóla þá form-annmarka sem fram hafa komið á málsmeðferð vegna útgáfu umrædds rekstrarleyfis. Í ljósi þessara afleiðinga og þeirrar staðreyndar að forráðamenn fyrirtækisins höfðu réttmætar væntingar um lögmæti annars vegar álits Skipulagsstofnunar vegna skýrslu Fjarðalax hf. um mat á umhverfisáhrifum og hins vegar lögmæti þess rekstrarleyfis Matvælastofnunar sem starfsemin byggir á, er það mat ráðuneytisins að það sé of viðurhlutamikið með vísan í 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, um meðalhóf, að stöðva umræddan rekstur Fjarðalax hf. í Patreksfirði og fyrirhugaðan rekstur í Tálknafirði við þessar aðstæður. Í ljósi alls þessa er það því niðurstaða ráðuneytisins að fyrir liggi ríkar ástæður sem mæli með útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða vegna umræddrar eldisstarfsemi Fjarðalax hf.

#### *Alþjóðlegar skuldbindingar*

Óttar Yngvason, hrl., fyrir hönd umbjóðenda sinna, telur útgáfu rekstrarleyfa til bráðabirgða samkvæmt lögum nr. 108/20018 um breytingu á lögum um fiskeldi, nr. 71/2008, brjóta gegn Árósasamningnum, það er „*réttinum til að bera ákvarðanir, athafnir og athafnaleysi stjórnvalda undir óháðan og sjálfstæðan úrskurðaraðila, þegar um er að ræða framkvæmdir sem hafa mikil áhrif á umhverfið, þ.e. 9. sbr. 6. gr. samningsins.*“ Jafnframt telja andmælendur að lögin brjóti með sama hætti gegn ákvæðum tilskipunar 2011/92/ESB og lögum nr. 106/2000 og lögum nr. 130/2011.

Ráðuneytið vísar í þessu sambandi til greinargerðar með frumvarpi til laga nr. 108/20018 um breytingu á lögum um fiskeldi, nr. 71/2008, með síðari breytingum. Í greinargerðinni er vísað til þess „*að með fullgildingu Árósasamningsins hér á landi tóku gildi lög nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Með frumvarpinu er hvorki gengið í berhöggi við umrædd lög né ákvæði Árósasamningsins. Þannig er gildi úrskurða nefndarinnar í engu haggð með frumvarpi þessu og þeir eru áfram fullnaðarúrskurðir á stjórnisýslustigi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra taki ákvörðun um útgáfu bráðabirgðaleyfis og þar sé um að ræða fullnaðarúrlausn á stjórnisýslustigi. Kemur því ekki til greina að slík ákvörðun sé kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og gerir frumvarpið ekki ráð fyrir því. Samkvæmt frumvarpinu er ekki um að ræða „ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi“ skv. Árósasamningnum, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB frá 13. desember 2011 um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið. Um er*





*að ræða brýna bráðabirgðaráðstöfun til að koma í veg fyrir „óafturkræfa og hugsanlega óþarfa soun verðmæta“*

Í umsögn Óttars Yngvasonar, hrl., fyrir hönd umbjóðenda sinna um umsókn Fjarðlax hf. er jafnframt talið að brotið hafi verið gegn Árósasamningnum, þar sem frumvarp til breytinga á lögunum var lagt fram á Alþingi og afgreitt með afbrigðum samdægurs án þess að sjónarmið umbjóðenda hans né sjónarmið almennings hafi komið fram. Frumvarpið hafi jafnframt ekki verið sent til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til umsagnar. Ráðuneytið áréttar að lögin voru samþykkt í samræmi lög nr. 71/1991, um þingsköp þann 9. október 2018, birt í A-deild Stjórnartíðinda þann 11. október og tóku gildi daginn eftir eða 12. október 2018 í samræmi við 8. gr. laga nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað. Ráðuneytið telur því enga þá ágalla á lagasetningu Alþingis sem kallað geta á ógildingun laganna vegna þessarar málsástæðu.

Ráðuneytið fellst þannig ekki framangreinda afstöðu Óttars Yngvason, hrl., fyrir hönd umbjóðenda sinna um að lögin brjóti vegna alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

#### *Ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða*

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða ráðuneytisins að skilyrði 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008 um fiskeldi, sé uppfyllt og ráðuneytinu sé heimilt að lögum að gefa út meðfylgjandi rekstrarleyfi til bráðabirgða.

Það er markmið rekstrarleyfis til bráðabirgða að skapa svigrúm fyrir Fjarðalax hf. til að annað tveggja bæta úr þeim göllum, sem úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlinda taldi vera á málsmeðferð við útgáfu rekstrarleyfisins og/eða láta reyna á lögmæti ógildingar rekstrarleyfisins fyrir dómstólum.

Ráðuneytið telur í ljósi þess að Fjarðalax hf. hefur lýst því yfir að fyrirtækið hefur hug á að höfða mál til ógildingar á ákvörðun úrskurðarnefndar í umhverfis- og auðlindamálum og slíkur málarekstur getur tekið umtalsverðan tíma sé hæfilegur gildistími rekstrarleyfis til bráðabirgða 10 mánuðir frá útgáfudegi slíks rekstrarleyfis.

Ráðuneytið áréttar, vegna þeirrar athugasemdar í framkomnum andmælum Óttars Yngvasonar hrl. fyrir hönd umbjóðenda sinna, að Matvælastofnun fer með eftirlit með starfsemi sem byggir á rekstrarleyfi til bráðabirgða. Í andmælunum segir um þetta að „*Skipulagsstofnunin hafi réttilega vakið athygli á því í umsögn sinni, að engin ákvæði eru í nýju breytingalögunum nr. 108/2018 um hver skuli hafa eftirlit með rekstrarleyfum, sem gefin eru út til bráðabirgða, og styður það sjónarmið umbjóðenda minna um að lögin verða ekki lögmætur grundvöllur slíkra leyfa þar sem þau ganga gegn almennum reglum á réttarsviðinu.*“ Ráðuneytið bendir á að í 4. gr. laga nr. 71/2008 þar sem fjallað er um stjórnslu fiskeldis, kemur skýrt fram að ráðherra fari með yfirstjórn mála samkvæmt lögum en „*framkvæmd stjórnslunnar sé að öðru leyti í höndum Matvælastofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.*“

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. nóvember 2018.*

  
**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

  
Jóhann Guðmundsson.



## REKSTRARLEYFI TIL BRÁÐABIRGÐA

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 71/2008, um fiskeldi veitir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hér með rekstrarleyfi til bráðabirgða í samræmi við neðangreint.

Leyfishafi: Fjarðalax hf.  
Kennitala: 641109-1770  
Aðsetur: Strandgata 43, 460 Tálknafirði  
Leyfið gildir til: 5. september 2019

### Leyfið gildir fyrir eftirfarandi starfsemi:

Eldi á laxi (*Salmo Salar*) af SAGA-stofni.

Um er að ræða kynslóðaskipt sjókvíaelði í Patreksfirði (P) og Tálknafirði (T).

Sjókvíaelðissvæði eru tvö:

P með eldissvæðin: Hlaðseyri, Sandodda, Þúfneyri og

T með eldissvæðin Sveinseyri, Suðureyri, Laugardal.

Framleiðslumagn er 3.400 tonn. Hámarkslífmassi er 3.400 tonn. Heimilt er að framleiða 3.200 tonn á sjókvíaelðissvæði P og 200 tonn á sjókvíaelðissvæði T.

Farið er fram á samræmda útsetningu seiða innan sjókvíaelðissvæðis.

<u>Svæði</u>	<u>Punktur</u>
Hlaðseyri P	1. 65° 32.590'N 23° 54.530'W, 2. 65° 32.930'N 23° 53.800'W, 3. 65° 32.220'N 23° 52.550'W, 4. 65° 31.900'N 23° 53.270'W,
Sandoddi P	1. 65° 32.817'N 23° 55.817'W, 2. 65° 33.083'N 23° 55.816'W, 3. 65° 33.083'N 23° 55.433'W, 4. 65° 32.817'N 23° 55.433'W,
Þúfneyri P	1. 65° 34.912'N 23° 59.463'W, 2. 65° 34.912'N 23° 58.224'W, 3. 65° 34.775'N 23° 57.895'W, 4. 65° 34.474'N 23° 57.895'W, 5. 65° 34.474'N 23° 59.463'W,
Sveinseyri T	1. 65° 38.080'N 23° 53.010'W, 2. 65° 38.240'N 23° 52.680'W, 3. 65° 37.950'N 23° 52.280'W, 4. 65° 37.870'N 23° 52.450'W,
Suðureyri T	1. 65° 38.216'N 23° 55.508'W, 2. 65° 38.411'N 23° 55.101'W, 3. 65° 37.897'N 23° 53.555'W, 4. 65° 37.711'N 23° 53.940'W,



Laugardalur T

1. 65° 39.277'N 23° 56.974'W, 2. 65° 39.581'N 23° 56.524'W, 3. 65°  
38.652'N 23° 53.684'W, 4. 65° 38.409'N 23° 54.134'W,

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu og starfsemi.

Ráðuneytið setur það skilyrði fyrir útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða að Fjarðalax hf. hefjist þegar handa við að bæta úr þeim göllum, sem úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála taldi vera á málsmeðferð við útgáfu rekstrarleyfisins sem ógilt var og/eða láti reyna á lögmæti ógildingar rekstrarleyfisins fyrir dómstólum. Skal Fjarðalax hf. leggja fyrir ráðuneytið, innan viku frá dagsetningu þessa rekstrarleyfis til bráðabirgða, gögn sem sýna með fullnægjandi hætti að mati ráðuneytisins, aðgerðir vegna úrbóta og/eða vegna málareksturs fyrir dómstólum

Matvælastofnun skal hafa eftirlit með fjölda útsettra laxaseiða á eldissvæðum samkvæmt rekstrarleyfi þessu á gildistíma leyfisins.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu.

Rekstrarleyfishafi ber skyldu til notkunar erfðavísa þannig að unnt sé að rekja uppruna eldislaxa til ákveðinna sjókvíaeldisstöðva. Rekstrarleyfishafa er skylt að notast við utanálíggjandi merkingar á eldislaxi í sjókvíaeldi samkvæmt ákvæðum reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi til bráðabirgða er háð því skilyrði að úttekt Matvælastofnunar skv. 11. gr. laga nr. 71/2008, um fiskeldi, um upphaf starfsemi hafi farið fram.

Rekstrarleyfi til bráðabirgða er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi hafi skilað inn stöðvarskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Rekstrarleyfishafi skal að öðru leyti uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Rekstrarleyfi til bráðabirgða er háð



breytingum á reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum, sem kunna að verða settar á grundvelli laga 71/2008 um fiskeldi.

Gefi Matvælastofnun út rekstrarleyfi skv. lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, til leyfishafa fyrir sömu starfsemi innan gildistíma rekstrarleyfis til bráðabirgða fellur þetta rekstrarleyfi niður frá og með útgáfudegi rekstrarleyfis Matvælastofnunar.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. nóvember 2018.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Jóhann Guðmundsson.